



Ársskýrsla 2012



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri - Egilsstaðir - Ísafjörður - Mývatn - Patreksfjörður - Reykjavík - Snæfellsnes - Vestmannaeyjar

UMHVERFISSTOFNUN

ÁRSSKÝRSLA 2012



EFNISYFIRLIT

FRÁ FORSTJÓRA	4
STEFNA UMHVERFISSTOFNUNAR	7
STEFNUMÓTUN UMHVERFISSTOFNUNAR 2013 TIL 2017	8
MIKILVÆGI GÆÐAKERFIS Í INNLEIÐINGU NÝRRAR STEFNUMÓTUNAR.....	10
MANNAUÐSMÁL	12
HLUTVERK	13
LOSUN GRÓÐURHÚSA-LOFTTEGUNDA.....	16
HEILSUSKADLEG EFNI OG ÚRGANGUR	22
UPPLÝSINGAR UM UMHVERFISMÁL	32
VERND, VIÐHALD, ENDURHEIMT OG NÝTING NÁTTÚRU ÍSLANDS	36
VILLTIR DÝRASTOFNAR	42
ÚTIVIST OG BÆTT LÝÐHEILSA LANDSMANNA	46
MÁLEFNI HAFS OG VATNS.....	52
ÚRGANGUR OG ENDURVINNSLA	60
STJÓRNSÝSLA	64
UMHVERFISMERKINGAR	70
FJÁRMÁL OG REKSTUR	74

© UMHVERFISSTOFNUN 2013

Ritstjórn: Áki Ármann Jónsson og Kristinn Már Ársælsson
Ljósmyndir: iStockPhoto.com

Hönnun og umbrot: Einar Guðmann
Súlu- og kökurit: Völundur Jónsson
Ljósmynd á forsiðu: iStockPhoto.com

Útgáfunúmer: UST-2013:04
Apríl 2013

FRÁ FORSTJÓRA

Stefnumótun og uppgjör

Umhverfisstofnun markaði sér nýja stefnu á árinu 2012 sem gilda mun til næstu 5 ára. Mikil vinna fór í að greina hvernig til tókst með stefnu stofnunarinnar 2008-2012. Lögð var áhersla á að byggja á því sem tókst vel og breyta því sem virkaði illa. Við teljum mikilvægt að hafa skýra stefnu til framtíðar til að tryggja að allir starfsmenn séu að stefna í sömu átt á grunni sömu markmiða og gilda. Forgangsröðun okkar fjölmörgu verkefna þarf að vera skýr.

Umhverfisstofnun hefur jafnframt sett sér ný gildi sem ná bæði til innri og ytri starfsemi. Við munum vinna að fagmennsku með áherslu á gegnsæi og rétt almennings á upplýsingum um öll okkar störf. Við munum horfa til framtíðar og fylgjast grannt með þróun umhverfismála með það að leiðarljósi að ákvarðanir okkar í dag hafa ekki bara áhrif á okkur, heldur börn okkar og barnabörn. Við leggjum áherslu á samvinnu og að nýta styrkleika hvers annars við úrlausn ólíkra verkefna og leitum samstarfs við almennung og hagsmunaaðila. Umfram allt berum við virðingu fyrir umhverfinu og erum stolt af þeirri ábyrgð sem samfélagið hefur falið okkur. Þetta eru þau gildi sem við trúum á og viljum vinna eftir.

Hvað þýðir milljón fyrir okkur?

Mikil umræða hefur farið fram á undanförunum árum um fjölgun ferðamanna til Íslands en spá gerir ráð fyrir að þeir verði um milljón talsins innan fárra ára. Umhverfisstofnun gaf út í fyrsta sinn svokallaða

„rauðlistaskýrslu“ árið 2010 þar sem farið er yfir hvaða svæði eru í hættu vegna ýmissa álagspáttá, s.s. ferðamennsku. Margar af okkar merkustu náttúruperlum lentu á listanum. Í kjölfarið var ráðist í framkvæmdir á mörgum þeirra og hafa nokkur fallið út af listanum en sökum fyrirséðrar fjölgunar eru mörg svæði enn í áhættuflokki. Mæta þarf auknu álagi vegna ferðamennsku með skipulögðum og vel ígrunduðum aðgerðum og framkvæmdum. Við vitum hver staðan er á þeim svæðum sem eru friðlýst og undir umsjá stofnunarinnar en ljóst er að sum svæði eru og verða undir talsverðu álagi á næstu árum. Þörf er á langtímastefnumótun í að taka á móti þessum mikla fjölda ferðamanna.

Hert eftirlit

Umhverfisstofnun gerðist aðili að IMPEL-samtökunum (samstarf stofnana í Evrópu um innleiðingu og eftirfylgni umhverfislöggjafar) árið 2010. Samtökin standa fyrir yfirferð þar sem sérfræðingar frá sex löndum heimsækja aðildarríki og fara yfir eftirlit og starfsleyfisútgáfu stofnana.

Umhverfisstofnun gekk í gegnum slíka yfirferð á árinu 2012 og komu sérfræðingar frá Bretlandi, Hollandi, Ítalíu, Noregi, Póllandi og Finnlandi til landsins. Niðurstaðan var birt undir lok árs þar sem kom fram að eftirlit stofnunarinnar uppfyllir kröfur ESB. Yfirferð IMPEL skiptir okkur miklu máli því við höfum lagt okkur fram um að bæta eftirlitið frá árinu 2008 og niðurstaðan er vísbending um að árangur hafi náðst. Með því er ekki þar með sagt að engra frekari úrbóta sé þörf. Við fengum fjölmargar góðar ábendingar frá IMPEL sem við munum sinna á næstu misserum.



Leiðandi í upplýsingamiðlun

Eitt af því sem sérfræðingar IMPEL töldu að við værum að gera betur en flestar Evrópuþjóðir er miðlun upplýsinga til almennings úr eftirliti stofnunarinnar. Við ákváðum árið 2009 að við vildum birta á vefnum allar eftirlitsskýrslur og upplýsingar um beitingu þvingunarúrræða og önnur gögn sem tengjast eftirlitinu. Það komst svo til framkvæmda árið 2011 og getur nú hver sem er nálgast þær upplýsingar hvenær sem er. Stofnunin miðlar því meira af upplýsingum en flestar aðrar Evrópuþjóðir og telja sérfræðingar IMPEL það til fyrirmyndar. Upplýsingamiðlun og upplýsingatækni stofnunarinnar komst einnig í úrval þegar veitt voru Nýsköpunarverðlaun í opinberri þjónustu árið 2012.

Dúfnaveislan og skotpróf

Nokkrar breytingar urðu á árinu hvað varðar veiðar á villtum dýrum þegar í fyrsta sinn var gerð krafa um að veiðimenn þreyti og standist skotpróf áður en haldið er til hreindýraveiða. Prófin eru að erlendri fyrirmynd og markmiðið með þeim er að tryggja færni veiðimanna og fækka slysaskotum. Prófin fóru nokkuð seint af stað en á endanum stóðst langstærsti hluti þeirra sem þreyttu prófið þær kröfur sem gerðar voru. Það má án nokkurs vafa þakka farsælu samstarfsverkefni stofnunarinnar og SKOTVÍS undir heitinu Dúfnaveislan þar sem veiðimenn eru hvattir til skotæfinga á skotvöllum landsins.

Framtíðin

Það eru spennandi tímar framundan. Stjórnvöld hafa samþykkt fjárfestingaráætlun fyrir Ísland 2013-2015 þar sem áhersla er m.a. á uppbyggingu innviða friðlýstra svæða og ferðamannastaða auk græns hagkerfis. Almenn samstaða ríkir nú um að tryggja að friðlýst svæði tapi ekki verndargildi sínu vegna ágangs eða mannlegra athafna.

Umhverfismál er stór málaflökur, jafnt hér sem erlendis. Loftslagsbreytingar, líffræðilegur fjölbreytileiki og svokölluð kokteiláhrif eru meðal stærstu viðfangsefna okkar samtíma. Samkvæmt nýlegri könnun kom í ljós að um helmingur landsmanna hefur áhyggjur af stöðu umhverfismála og álíka hlutfall telur að leggja þurfi aukinn kraft í málaflökinn. Við höfum fundið fyrir þessum þrýstingi og stuðningi á undanförunum árum. Stofnunin hefur sett sér það markmið að ná enn meiri árangri á næstu fimm árum og treystir á að hún njóti þess stuðnings sem til þarf.


apríl 2013

Kristín Linda Árnadóttir

Kristín Linda Árnadóttir

SKIPURIT UMHVERFISSTOFNUNAR

Starfsemi Umhverfisstofnunar grundvallast á skipuriti sem tók gildi í byrjun árs 2008. Umhverfisstofnun skiptist í fimm svið auk yfirstjórnar. Þrjú sviðanna eru þverfagleg og vinna náið með sviðum umhverfsgæða og náttúruauðlinda. Hvert svið fyrir sig er sjálfstætt og heyrir beint undir forstjóra en sviðsstjórar starfa náið saman að því að sinna verkefnum stofnunarinnar.



STEFNA UMHVERFISSTOFNUNAR

Umhverfisstofnun hefur sett sér stefnu til fimm ára. Sett eru tíu markmið sem stofnunin mun leggja áherslu á. Markmiðin endurspeglar stefnu og hlutverk stofnunarinnar og gefa um leið vísbendingu um þau málefni sem nauðsynlegt er að unnið sé að á næstu árum. Í ársskýrslunni er farið yfir markmiðin og þá vinnu sem unnin var til að ná þeim.

Markmið Umhverfisstofnunar 2008-2012:

- Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi.
- Draga úr losun heilsuskaðlegra efna og efna sem eru hættuleg umhverfinu.
- Gera upplýsingar um umhverfismál aðgengilegar almenningsi og hagsmunaaðilum og gera þeim þannig kleift að hafa áhrif á umhverfi sitt.
- Vinna að vernd, viðhaldi, endurheimt og nýtingu þeirra auðlinda sem felast í náttúru Íslands með sjónarmið um líffræðilega fjölbreytni, varðveislu jarðmyndana og landslagsheilda að leiðarljósi.
- Stuðla að verndun og sjálfbærri nýtingu villtra dýrastofna.
- Kynna rétt almennings til að njóta útivistar í náttúrunni og bæta þannig og tryggja lýðheilsu landsmanna.
- Beita vistkerfisnálgun við heildstæða stjórnun á umhverfi í vatni og hafi.
- Draga úr myndun úrgangs og auka endurvinnslu hans.
- Stjórnsýsla stofnunarinnar verði skýr og skilvirk.
- Umhverfismerkingar leiði innkaup almennings og fyrirtækja.

SKRIFSTOFA FORSTJÓRA

Ársáætlun
Gæðamál
Mannauður
Sérverkefni
Starfsmannamál
Umhverfisskýrsla

SVIÐ NÁTTÚRUAUÐLINDA

skiptist í tvær deildir:
DEILD NÁTTÚRUVERNDAR
Eftirlit með framkvæmdum
Mat á umhverfisáhrifum
Náttúruverndaráætlun
Sjálfbærniáætlunir í náttúruvernd
Umsjón náttúruverndarsvæða
Verndaráætlanir

DEILD LÍFRÍKIS OG VEIÐISTJÓRNUNAR

CITES
Dýravernd
Erfðabreyttar lífverur
Líffræðilegur fjölbreytileiki
Stjórnun veiðistofna
Veiðikort og veiðitölur

SVIÐ UMHVERFISGÆÐA

skiptist í tvær deildir:
DEILD HOLLUSTUVERNDAR
Efni og efnavörur
Hljóðvist
Hollustuhættir
Jarðvegsvernd
Meðhöndlun úrgangs
Starfsleyfi og mengunareftirlit

DEILD UMHVERFISVERNDAR

Bráðamengun
Fráveitur og skólp
Hafgæði
Loftgæði
Loftslagsmál
Losun gróðurhúsalofttegunda
Starfsleyfi og mengunareftirlit
Vatnsgæði
Verndun ósonlagsins

SVIÐ FRÆÐSLU- OG UPPLÝSINGA

Bókasafn
Fræðslufundur og ráðstefnur
Gagnagrunnar
Námskeið
Umhverfismerkingar
Umhverfisvísar
Útgáfu og myndarmál
Vefir

SVIÐ LAGA OG STJÓRNSÝSLU

EES málefni
Lögfræðileg álit
Lögfræðilegar leiðbeiningar
Reglugerðir
Samningagerð
Umsagnir um kærumál
Undirbúningur friðlýsinga
Þingmál

SVIÐ FJÁRMÁLA OG REKSTRAR

Bókhald
Eignaumsýsla
Fjármálastjórnun
Innkaup
Kostnaðarmat
Símsvörun og móttaka
Skjalavarsla



NÝTT SKIPURIT TÓK GILDI ÞANN 1. MARS 2013. SVIÐUM STOFNUNARINNAR VAR FÆKKAÐ UM EITT OG ERU NÚ FJÖGUR. Á HVERJU SVIÐI VINNA STARFSMENN Í TEYMUM EN ÞAU ERU ALLS TÓLF TALSINS.

- svið þjónustu
- svið náttúru
- svið samfélags
- svið samþættingar

STEFNUMÓTUN UMhverfisstofnunar 2013 TIL 2017

Á árinu var mikil vinna lögð í nýja stefnumótun Umhverfisstofnunar 2013-2017. Áhersla var lögð á að stefnumótuninni fylgdi skýr aðgerðaáætlun sem vísar til þess að fylgjast með og mæla árangur. Ástæðan er einföld, fjöldamargar glæstar stefnur hafa verið settar sem aldrei hafa náð þeim árangri sem að var stefnt þar sem ekki var hugað nægilega vel að því að framfylgja stefnunni. Því var lagt upp með að stefnan yrði mótuð í þremur áföngum; í fyrsta lagi greining á stöðu; í öðru lagi setning framtíðarsýnar og markmiða; og að í þriðja lagi gerð aðgerðaáætlunar.

Vinnan hófst í byrjun árs og var ráðgjafafyrirtækið Intellecta fengið til að leiða vinnuna. Gerð var könnun meðal hagsmunaaðila þar sem spurt var um afstöðu til stofnunarinnar og vinnu hennar. Niðurstöðurnar voru mjög gagnlegar og viljum við þakka öllum þeim sem tóku þátt í könnuninni. Stofnaðir voru hópar starfsmanna til að greina hvernig tekist hefði til með stefnu stofnunarinnar 2008-2012 auk annarra sem greindu stefnu stjórnvalda, innri mál, samstarf við hagsmunaaðila og laga- og reglugerðarumhverfi. Haldin var hálf dags upplýsingarfundur með starfsmönnum og fengnir fulltrúar atvinnulífs, sveitarfélaga og náttúruverndarsamtaka til að kynna



sín sjónarmið. Á grunni þessara gagna og upplýsinga var hafist handa við að móta framtíðarsýn. Stærstur hluti þess leit dagsins ljós á heilsdags vinnufundi starfsmanna. Eins og sjá má á meðfylgjandi myndum er mikið af hæfileikaríku fólki á Umhverfisstofnun sem fékk útrás fyrir sköpunargleði sína í stefnumótunarferlinu.

Grunnur að nýrri stefnu stofnunarinnar var mótaður á þessum fundi. Í kjölfarið var óskað eftir tillögum að

nýjum gildum og heildrænni framtíðarsýn. Samráð var haft við umhverfis- og auðlindaráðuneyti í ferlinu og fengust góðar og gagnlegar ábendingar þaðan. Að lokum var haldinn vinnufundur starfsmanna þar sem markmið voru mótuð og settar fram hugmyndir um til hvaða aðgerða þyrfti að grípa til að ná þeim.

Starfsmenn lögðu fram 260 verkefni sem þeir töldu mikilvæg til að tryggja framkvæmd stefnunnar á næstu fimm árum. Eftir forgangsröðun og samræmingu var þeim fækkað niður í um 170 sérgreind verkefni. Þessum verkefnum, ásamt árangursvísium, er ætlað að tryggja farsæla innleiðingu nýrrar stefnu Umhverfisstofnunar 2013 til 2017.

Í kjölfar stefnumótunarinnar var hugað að innviðum og skipulagi stofnunarinnar með tilliti til þeirra markmiða sem við ætlum okkur að ná. Við viljum að Umhverfisstofnun veiti framúrskarandi þjónustu og sé skemmtilegur vinnustaður sem laðar að hæfileikaríkt fólk; að verkefnum sé forgangsraðað með hagsmuni almennings og náttúru að leiðarljósi; og gætt sé ráðdeildar við meðferð fjármuna. Síðast en ekki síst viljum við tryggja aukið samráð við hagsmunaaðila og almenning.



Stofnuninni er mikilvægt að fylgjast með viðhorfi almennings þar sem nauðsynlegt er að vinna að jákvæðri ímynd



MIKILVÆGI GÆÐAKERFIS Í INNLEIÐINGU NÝRRAR STEFNUMÓTUNAR

Markmið og árangursmælingar eru mikilvæg í innleiðingu stefnumótunar. Þau segja til um hvað við ætlum að gera vel til að framfylgja stefnunni. Nú þegar nær fjögur ár eru liðin frá upphafi innleiðingar gæðakerfis og nær tvö ár liðin frá því að kerfið fékk faggilda vottun, hefur skapast mikilvæg reynsla í setningu markmiða og mælinga. Innleiðing gæðakerfis snýst um að ná betri árangri og er setning markmiða og mælingar á þeim eitt af lykilatriðum til að fylgjast með þeim árangri. Markmið og eftirfylgni með þeim kveða einnig á um breytingar á vinnulagi, gagnaöflun og viðhorfi og beinir sjónum okkar að því sem skiptir máli. Umhverfisstofnun setti sér gæðamarkmið er varða árleg áhersluverkefni, málshraða afgreiðsluverkefna, ánægju viðskiptavina, starfsmannamál og stjórnun umhverfisþátta starfseminnar.

Sem fyrr voru 10 yfirmarkmið stofnunarinnar fyrir tímabilið 2008 til 2012 leiðandi í öllum þeim áhersluverkefnum sem stofnunin setti á ársáætlun. Áhersluverkefni eru eingöngu sett á áætlun telji stofnunin þau nauðsynleg til þess að tryggja að hún uppfylli hlutverk sitt og sinni lögbundnum afgreiðsluverkefnum. Markmið var sett um að áhersluverkefnum sem sett væru á verkefnaáætlun yrði 80% lokið í árslok. Markmiðið náðist þar sem 83% verkefna var lokið í árslok. Niðurstaðan sýnir að reynsla er að byggjast upp innan stofnunarinnar í setningu markmiða og áætlanagerð, sem er mjög mikilvægt í allri stjórnun.

Mælingar á málshraða er einn mælikvarði á þjónustu. Fylgst var með ákveðnum verkefnum sérstaklega varðandi málshraða, s.s. starfsleyfum, umsögnum, eftirlitsskýrslum, leyfi til notkunar á erfðabreyttum lífverum svo eitthvað sé nefnt. Málshraðaviðmið starfsleyfa eru sett 180 dagar þar af eru átta vikur

almennur kynningartími, annars fjórar vikur, skv. reglugerð. Samkvæmt málakerfi stofnunarinnar er meðalmálshraði starfsleyfa sem afgreidd voru á árinu 2012 samtals 414 dagar sem er sjáanlega langt yfir málshraðaviðmiðum stofnunarinnar. Þessi tala segir bara hálfu sögu þar sem stórt hlutfall heildarvinnslutíma starfsleyfisumsókna er í bið vegna ýmissa orsaka; t.d. umsagna annarra stofnana eða vegna þess að það vantar gögn frá umsækjanda. Raunmálshraði útgefnna starfsleyfa er því 316 dagar. Samkvæmt málakerfi stofnunarinnar höfum við staðist málshraðaviðmið umsagna, sem er nú 120 dagar, en hann mældist vera að jafnaði í kringum 60 daga hvað skipulagsmál varðar. Á árinu var tekinn í notkun eftirlitsgrunnur sem hefur haft í för með sér tölurverðar umbætur sem koma m.a. fram í mun betri málshraða eftirlitsskýrslna. Málshraði lokaútgáfu eftirlitsskýrslna í kjölfar eftirlits eru 62 dagar, 65 af 145 voru innan við sett málshraðaviðmið, en í fyrra voru það eingöngu 26 af 109.

Markmið um góða þjónustu má einnig skoða út frá ánægju viðskiptavina. Það gerir stofnunin m.a. með því að fylgjast með fjölda ábendinga sem koma í gegnum heimasíðu stofnunarinnar og um leið er lögð rík áhersla á að þeim sé öllum svarað innan fimm virkra daga. Einnig er fylgst með fjölda fyrirspurna í málafærslukerfi stofnunarinnar. Hlutverk ábendingakerfis er að hvetja almenning til að koma ábendingum til stofnunarinnar og tryggja að bætt sé úr því sem bent er á eins og kostur er. Eins og súluritið sýnir má stofnunin standa sig betur í að svara innan setts málhraða þar sem meðalsvartími kvartana og fyrirspurna fer upp í rúma 11 daga.


Skráning ábendinga gefur okkur sýn á ánægju viðskiptavina en stofnunin vill einnig sýna frumkvæði og leita eftir viðhorfi almennings og fylgjast með því.

Á árinu var í fyrsta sinn könnuð ímynd stofnunarinnar á meðal almennings. Fyrirtækið Maskína var fengið til verksins en það sérhæfir sig í slíkum könnunum. Könnunin var framkvæmd dagana 23. ágúst til 3. september. Hringt var út í slembiúrtaki úr Þjóðskrá en hún var einnig lögð fyrir Þjóðgátt Maskínu á netinu, sem er panelhópur. Það er skemmst frá því að segja að 38% eru jákvæð gagnvart stofnuninni en stærsti hópurinn fellur í flokkinn „Í meðallagi“ eða rétt yfir 42% svarenda. Meðaltalið er í lægri kantinum og aðeins undir meðaltali Maskínumælinga sem tekið er úr gagnagrunni Maskínu. Einnig vakti athygli að svarendur töldu sig ekki þekkja mjög vel til Umhverfisstofnunar en aðeins um 17% segjast þekkja hana vel. Reynslan af þessu er talin vera góð og var ákveðið að endurtaka könnunina á sama tíma að ári og er þá fyrst hægt að fá samanburð, líklega þó ekki fyrr en yfir lengra tímabil. Stofnuninni er mikilvægt að fylgjast með viðhorfi almennings þar sem nauðsynlegt er að vinna að jákvæðri ímynd. Árangri í umhverfismálum er ekki náð nema með samvinnu ríkis, fyrirtækja og almennings.


Markmið voru sett fyrir árið 2012 fyrir alla þá umhverfisþætti sem stofnunin fylgist með og/eða stýrir. Niðurstöður mælinga þeirra markmiða er að finna í ársskýrslu umhverfisstjórnunarkerfisins 2012 á vef stofnunarinnar. Reynsla ársins sýnir að oft er metnaðurinn mikill og löngunin rík að standa sig vel á öllum sviðum. Það kemur fram í að mörg markmið voru sett og dreifð á alla umhverfisþætti. Lærdómur er dreginn af þessu og stefnt að því að setja sérstaka áherslu á næsta ári á tvo þætti; úrgangsmál á öllum starfsstöðvum og aukna fræðslu til starfsfólks. Einn meginilgangur umhverfisstjórnunarkerfis stofnunarinnar er að vera öðrum fyrirmynd og viljum við gera kerfið sýnilegra, sérstaklega á gestastofum og í þjóðgördum varðandi flokkun úrgangs. Mikilvægi ársskýrslna kerfisins sem birtar eru á vef stofnunarinnar hafa einnig þegar sannað gildi sitt í þessum tilgangi og hefur verið öðrum góður leiðarvísir í uppsetningu umhverfisstjórnunarkerfis sem og skráningu græns bókhalds.

Nýjar áskoranir fylgja hverju ári í gæðamálum, sérstaklega nú þegar ný stefnumótun hefur litið dagsins ljós. Ætlunin í upphafi mótunar stefnu til næstu fimm ára var m.a. að gera markmiðin að betri vegvísu og mælanlegri. Þau eru lykll að innleiðingu stefnu og segja til um hvar áherslur liggja og hvað við ætlum að gera sérstaklega vel næstu ár.


Umhverfisstofnun fékk staðfesta vottun þeirra tveggja gæðastjórnunarkerfa sem innleidd hafa verið. Við munum vanda okkur áfram og því er slagorð okkar í gæðamálum enn í fullu gildi: „Vandi fylgir vottun, vöndum okkur!“



ENDURMENNTUN STARFSFÓLKS
KLST



MENNTUNN STARFSMANNA UST



Stofnuninni er mikilvægt að fylgjast með viðhorfi almennings þar sem nauðsynlegt er að vinna að jákvæðri ímynd



MANNAUÐSMÁL

Við árslok voru starfsmenn Umhverfisstofnunar 79, þ.e. 45 konur og 34 karlar, í 73 stöðugildum. 60 starfsmenn höfðu starfsaðstöðu í Reykjavík, 10 á Akureyri og níu á öðrum starfsstöðvum á landinu. 26 sumarstarfsmenn voru ráðnir til starfa, 20 landverðir (sex konur og 14 karlar), sex starfsmenn (þrjár konur og þrjú karlar) voru ráðnir í önnur sumarstörf, fimm skv. vinnuþéttunum ríkisstjórnarinnar og Vinnuáætlunastofnunar og einn starfsmaður í afleysingar. Starfsmannavelta á árinu var 8%.

Menntunartig starfsmanna er hátt hjá stofnuninni. Af heilsársstarfsmönnum eru 12 starfsmenn, þrjár konur og níu karlar, með BA/BSc. gráðu; 45 starfsmenn, 29 konur og 16 karlar, eru með MA/MSc. gráðu og níu starfsmenn, þrjár konur og sex karlar, með doktorspróf eða sambærilegt.

Starfsmönnum stofnunarinnar stendur til boða ýmis konar símenntun, innanhúss sem utan. Á árinu sóttu starfsmenn símenntun í samtals 813 klukkustundir eða rúmlega 10 stundir að meðaltali. Meðaltal eftir konum og körlum skiptist svo hvort sínu megin við tuginn: konur með 10,4 stundir að meðaltali og karlar 9,5 stundir.

Starfsmannasamtöl voru framkvæmd að venju á árinu. Markmið ársins var að 90% samtala væri lokið 1. maí. Það markmið náðist ekki en á þeim tíma höfðu 78% starfsmanna farið í samtöl. Að hausti hafði lokatalan tosat yfir 80%.

Veikindi á árinu voru að meðaltali 7,77 dagar á mann en miðgildið var 6 dagar. Konur voru veikar að meðaltali í 9 daga á árinu en karlar 6,67 daga.

Helstu umbótaverkefni í mannaúðsmálum á árinu voru að jafnréttisstefna til þriggja ára var samþykkt og framkvæmdaáætlun um stefnuna unnin. Eineltisferlar voru unnir og býr stofnunin nú yfir skýrum verkferlum í þeim málum. Þá var starfsmannahandbók endurskoðuð og nokkrum gátlistum og vinnulýsingum bætt í stjórnendahandbók, s.s. um andlát og viðbrögð stjórnenda við þeim og samfylgd í kjölfar áfalla.

Helstu umbótaverkefni í mannaúðsmálum á árinu voru að jafnréttisstefna til þriggja ára var samþykkt og framkvæmdaáætlun um stefnuna unnin

STARFSFÓLK UMHVERFISSTOFNUNAR

FORSTJÓRI

Kristín Linda Árnadóttir

SVIÐ FJÁRMÁLA OG REKSTRAR

Gylfi Ástbjartsson, sviðsstjóri
Kristbjörg Bjarnadóttir
Kristinn Valtýsson
Kristín Ágústa Björnsdóttir
Magnea I. Kristinsdóttir
María Björg Magnúsdóttir
Stella Aðalsteinsdóttir
Svanhildur Sigurðardóttir
Þórey J. Pétursdóttir
Þórunn E. Karlsdóttir

SVIÐ FRÆÐSLU OG UPPLÝSINGA

Áki Ármann Jónsson, sviðsstjóri
Anna Sigurveig Ragnarsdóttir
Birgir Smári Ársælsson
Einar Guðmann
Elva Raket Jónsdóttir
Gunnar Steinn Jónsson
Inga G. Aradóttir
Jón Örvar Geirsson Jónsson
Kristinn Már Ársælsson
Sigurður B. Finnsson
Völundur Jónsson

SKRIFSTOFA FORSTJÓRA

Ástríður Elín Jónsdóttir
Helgi Jensson
Sigrún Valgarðsdóttir
Sigurbjörg Gísladóttir

SVIÐ LAGA OG STJÓRNSÝSLU

Sigrún Ágústsdóttir, sviðsstjóri
Anna Kristín Ólafsdóttir
Eva Dögg Kristjánsdóttir
Hilda Guðný Svavarsdóttir
Kristín Aðalsteinsdóttir
Stefán Bogi Sveinsson
Svanfríður Dóra Karlsdóttir

SVIÐ NÁTTÚRUAUÐLINDA

Ólafur A. Jónsson, sviðsstjóri
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Ásgeir Björnsson
Bjarni Pálsson
Björn Stefánsson
Edda Rögnvaldsdóttir
Elín Sigríður Óladóttir
Guðbjörg Gunnarsdóttir
Guðrún Lára Pálmadóttir
Hákon Ásgeirsson
Hildur Vésteinsdóttir
Hjalti J. Guðmundsson
Jóhann Guttormur Gunnarsson
Jón Björnsson
Kristín H. Kristjánsdóttir
Kristín S. Jónsdóttir
René Biasone
Soffía Helga Valsdóttir
Steinar Rafn Beck Baldursson
Þórdís Vilhelmina Bragadóttir

SVIÐ UMHVERFISGÆÐA

Gunnlaug H. Einarsdóttir, sviðsstjóri
Bergþóra Hlíðkvist Skúladóttir
Birna Sigrún Hallsdóttir
Björn Gunnlaugsson
Christoph Wöll
Elín Ásgeirsdóttir
Gottskálk Friðgeirsson
Guðbjörg Stella Árnadóttir
Guðmundur B. Ingvarsson
Haukur R Magnússon
Heiðrún Guðmundsdóttir
Jóhanna Björk Weissappel
Katrín Hilmarsdóttir
Kristján Geirsson
Níels Br. Jónsson
Ólafur Kristinn Tryggvason
Sigríður Kristjánsdóttir
Sigrún Guðmundsdóttir
Sigurður Ingason
Sigurrós Friðriksdóttir
Stefanía Lára Bjarnadóttir
Tryggvi Þórðarson
Valur Klemensson
Vanda Úlfrún Liv Hellsing
Þorsteinn Jóhannsson

HLUTVERK

Stofnunin starfar samkvæmt lögum nr. 90 / 2002 um Umhverfisstofnun, en hlutverk hennar er einnig markað af fjölda annarra laga. Hlutverk Umhverfisstofnunar er að stuðla að velferð almennings með því að beita sér fyrir heilnæmu umhverfi, öruggum neysluvörum og verndun og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda.

VERKEFNI UMHVERFISSTOFNUNAR

- Eftirlit og leyfisveitingar
- Umsjón og rekstur á friðlýstra svæða og þjóðgarðs
- Samræmingarhlutverk vegna heilbrigðis- og mengunarmála
- Söfnun og miðlun upplýsinga um ástand umhverfisins og umhverfismál
- Umsjón með umhverfisluta EES- samningsins
- Gerð reglugerða
- Leiðbeiningar til annarra opinberra aðila s.s. sveitarfélaga og fyrirtækja
- Umsagnir vegna m.a. mats á umhverfisáhrifum og skipulags
- Friðlýsing nýrra svæða í samræmi við Náttúruverndaráætlun
- Umsagnir um kærur
- Önnur störf samkvæmt sérstökum samningum eða samkvæmt ákvörðun umhverfisráðuneytis



UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ 2008-2012

**DRAGA ÚR LOSUN
GRÓÐURHÚSALOFJTTEGUNDA
Á ÍSLANDI**



LOSUN GRÓÐURHÚSA- LOFTTEGUNDA

FYRIRTÆKJUM BER AÐ VAKTA LOSUN SÍNA FRÁ OG MEÐ 1. JANÚAR 2013 Í SAMRÆMI VIÐ ÍTARLEGAR VÖKTUNARÁÆTLANIR SEM SAMÞYKKTAR ERU AF UMHVERFISSTOFNUN

ETS á Íslandi

Uppbygging kerfisins

Viðskiptakerfi ETS er meginstjórnartæki ESB á sviði loftslagsmála og byggir á svokallaðri „Cap and Trade“ hugmyndafræði úr hagfræði. Í grófum dráttum virkar kerfið þannig að takmörk eru sett á heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá rekstraraðilum sem falla undir viðskiptakerfið. Þessum fyrirtækjum er úthlutað losunarheimildum í samræmi við staðlaðar reglur og rekstraraðilum síðan heimilað að eiga viðskipti með þær.

Framkvæmd á Íslandi

Tilskipun 2003/87/EB og tengdar gerðir voru teknar upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2007 í október 2007. Vegna þess hve lítil starfsemi hér á landi féll undir gildissviði tilskipunarinnar á tímabilinu 2008-2012 var samið um undanþágu fyrir Ísland við afgreiðslu málsins í sameiginlegu EES-nefndinni. Undanþágan felur í sér að rekstraraðilum hér á landi sem heyra undir gildissviði tilskipunarinnar var ekki skylt að afla losunarheimilda.

Gildissviði tilskipunar 2003/87/EB var rýmkað umtalsvert með tilskipun 2009/29/EB. Breytingin er þýðingarmikil fyrir Ísland því að hún felur í sér að losun koldíoxíðs og flúorkolefna (PFC) frá álframleiðslu og losun koldíoxíðs frá járnblendim mun heyra undir kerfið og vera háð losunarheimildum frá 1. janúar 2013. Frá þeim tíma rennur undanþága Íslands út, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar. Frá 1. janúar 2013 falla íslensk fyrirtæki því undir viðskiptakerfið.

Umhverfisstofnun hefur veitt níu starfandi fyrirtækjum losunarleyfi og þar með heimilað þeim að taka þátt í kerfinu. Þessi fyrirtæki eru: álver Alcan á Íslandi, Alcoa Fjarðaáls og Norðuráls á Grundartanga; járnblendiverksmiðja Elkem Ísland; fiskimjölsverksmiðjur HB Granda á Akranesi,

Ísfélags Vestmannaeyja í Vestmannaeyjum, Ísfélags Vestmannaeyja á Þórshöfn, Loðnuvinnslunnar á Fáskrúðsfirði; og steinullarverksmiðja Steinullar hf á Sauðárkróki. Einnig hefur álver Norðuráls í Helgúvík losunarleyfi.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 70/2012 er Umhverfisstofnun heimilt að undanskilja lítil fyrirtæki gildissviði viðskiptakerfisins uppfylli þau tiltekin skilyrði. Árið 2012 bárust Umhverfisstofnun fjórar umsóknir þess efnis og samþykkti stofnunin þær allar. Þessi fyrirtæki eru Steinull hf, HB Grandi Akranesi, Ísfélag Vestmannaeyja í Vestmannaeyjum og Ísfélag Vestmannaeyja á Þórshöfn og munu þau þurfa að ná sambærilegum árangri við að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda og þau fyrirtæki sem heyra undir kerfið. Þá verða þau háð losunargjaldi sem er 1.338 kr. fyrir hvert tonn gjaldskyldrar losunar árið 2013 skv. breytingu á lögum nr. 70/2012, sem Alþingi samþykkti í desember 2012.

Fimm starfandi fyrirtæki munu því falla undir kerfið hérlendis frá 1. janúar 2013, þ.e., Alcan á Íslandi, Alcoa Fjarðaál, Elkem Ísland, Loðnuvinnslan á Fáskrúðsfirði og Norðurál á Grundartanga. Losun þessara fyrirtækja árið 2010 nam um 38% af heildarlosun Íslands. Öll fyrirtækin hafa sótt um úthlutun endurgjaldslausra losunarheimilda til Umhverfisstofnunar og mun ákvörðun um úthlutun til þeirra liggja fyrir fyrri hluta ársins 2013. Sú ákvörðun hefur dregist þar sem tafir hafa orðið hjá framkvæmdastjórn ESB við að gefa út almennan leiðréttingarstuðul, en hann er nauðsynlegur til að reikna út endanlega úthlutun til fyrirtækja. Nánari upplýsingar um úthlutun losunarheimilda má nálgast á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Vöktun og skýrslugjöf

Fyrirtæki sem falla undir viðskiptakerfið eru krafín um að vakta og skrá árlega losun sína á gróðurhúsalofttegundum. Fyrirtækjum ber að vakta



losun sína frá og með 1. janúar 2013 í samræmi við ítarlegar vöktunaráætlanir sem samþykktar eru af Umhverfisstofnun. Í desember 2012 skiluðu þau fimm fyrirtæki sem falla undir viðskiptakerfið vöktunaráætlunum til Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun samþykkti þann 28. desember vöktunaráætlanir Alcan á Íslandi, Elkem Ísland, Loðnuvinnslunnar á Fáskrúðsfirði og Norðuráls á Grundartanga. Þann 14. janúar 2013 var svo vöktunaráætlun Alcoa Fjarðaáls samþykkt.

Raunlosun ársins 2013, metin í samræmi við vöktunaráætlun hvers fyrirtækis, verður vottuð af óháðum aðilum og upplýsingum skilað í sérstakri skýrslu til Umhverfisstofnunar í mars 2014. Í apríl 2014 er fyrirtækjum svo gert skylt að framvísa losunarheimildum sem samsvara heildarmagni raunlosunar ársins 2013. Í flestum tilvikum fá fyrirtæki úthlutað heimildum sem duga einungis fyrir ákveðnum hluta af væntanlegri losun. Sökum þess standa fyrirtæki frammi fyrir þeirri ákvörðun að kaupa viðbótarlosunarheimildir, koma fyrir búnaði eða breyta aðferðum til að draga úr losun eða, ef nauðsyn þykir, draga úr framleiðslu. Ef fyrirtæki afhendir ekki tilskilinn fjöldi losunarheimilda ber viðkomandi ríki að knýja fram efndir með viðurlagaákvæðum, m.a. með álagningu sekta.

Flugstarfsemi í ETS

Frá og með 1. janúar 2012 var flugstarfsemi innan evrópska efnahagssvæðisins (EES) felld undir viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir (ETS). Með innleiðingu kerfisins var stefnt að 3% samdrætti í losun koldíoxíðs (CO₂) frá flugi árið 2012 og 5% samdrætti á tímabilinu 2013-2020, miðað við tímabilið 2004-2006.

Flugrekendum er nú skylt að afla losunarheimilda vegna losunar CO₂ frá flugi sem felur í sér flugtak eða landingu á flugvelli á evrópska efnahagssvæðinu. Sérhvert ríki hefur umsjón með þeim flugrekendum sem hafa flugrekstrarleyfi útgefið í viðkomandi landi. Flugrekendur utan EES-svæðisins eru settir undir umsjón þess lands þar sem mest losun er. Ísland liggur í braut flugs milli Evrópu og Vesturheims og færðust margir aðilar undir umsjón landsins. Umhverfisstofnun hefur umsjón með rúmlega 190 flugrekendum. Ísland er því í hópi þeirra ríkja sem eru með flesta flugrekendur í sinni umsjón. Einungis átta þeirra eru íslenskir en rúmlega 100 koma frá Bandaríkjunum og flestir þeirra fljúga fáar ferðir árlega. Umtalsverð vinna er því fólgin í að fylgjast með þessum aðilum og viðhafa fullnægjandi eftirlit með framkvæmd kerfisins.

Flugrekendum er nú skylt að afla losunarheimilda vegna losunar CO₂ frá flugi sem felur í sér flugtak eða landingu á flugvelli á evrópska efnahagssvæðinu

Bleyjur

Áætlað hefur verið að hvert barn noti að meðaltali um 5000 bleiur á fyrstu árum ævinnar. Því eðlilegt að foreldrar velji skoði hvað er best fyrir barnið en um leið

gott val fyrir umhverfið og fjárhaginn. Notkun á bæði einnota pappírsmbleiur og margnota taubleiur hefur í för með sér neikvæð umhverfisáhrif. Hvort sem valin er tau- eða pappírsmbleia má benda á að ef

valin er umhverfisvottaðar bleiur með t.d. Svaninum eða Evrópublóminu þá hefur verið leitast við að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum við framleiðslu vörunnar og lágmarka varasöm innihaldsefni.

1. JANÚAR 2012 MARKAÐI ALLNOKKUR ÞÁTTASKIL Í BARÁTTU ÍSLANDS GEGN LOFTSLAGSBREYTINGUM ÞEGAR INNLEITT VAR VIÐSKIPTAKERFI ESB MEÐ LOSUNARHEIMILDIR GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA, SVOKALLAÐ ETS-KERFI

Í lok árs 2012 gekk Umhverfisstofnun frá samningum er varða kaup á hugbúnaði til að halda utan um vöktun og skýrsluskil í ETS-kerfinu, samskipti við flugrekendur, rekstraraðila og vottunaraðila og upplýsingagjöf til þeirra

Áætla má að tæplega helmingur af þeim flugrekendum sem undir Ísland heyrir sé virkur í viðskiptakerfinu á hverju ári og ber að skila vottaðri losunarskýrslu fyrir 31. mars ár hvert. Umhverfisstofnun staðfesti skil á tæplega 40 vottuðum skýrslum árið 2012, fyrir losun CO₂ árið 2011, sem náðu yfir 94% af losun CO₂ frá flugrekendum í umsjón Íslands. Þá fór Umhverfisstofnun yfir og samþykkti 34 uppfærðar vöktunaráætlanir á árinu.

Í nóvember 2012 tilkynnti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins að hún hefði lagt til að fresta gildistöku ákvæða viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir hvað varðar kröfur til flugrekenda um að skila losunarheimildum í apríl 2013, vegna losunar CO₂ frá flugi til og frá EES-ríkja til ríkja utan EES-svæðisins árið 2012. Einnig yrði kröfum um vöktun og skýrslugjöf frestað fyrir ofangreinda losun. Skyldur flugrekenda vegna losunar CO₂ frá flugi innan EES-svæðisins yrðu óbreyttar og verður ákvæðum viðskiptakerfisins framfylgt hvað það varðar. Framangreind tillaga var innleidd hér á landi í desember og voru flugrekendur undir umsjón Íslands upplýstir um þá breytingu.

Innleiðing ETS

1. janúar 2012 markaði allnokkur þáttaskil í baráttu Íslands gegn loftslagsbreytingum þegar innleitt var viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda, svokallað ETS-kerfi. Viðskiptakerfið er meginstjórtæki ESB á sviði loftslagsmála og er ætlað að mynda hagrænan hvata til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Kerfið hefur verið rekið í ESB frá árinu 2005 en Ísland hefur verið undanþegið þátttöku þar til nú.

Segja má að með innleiðingunni hafi verið hoppað út í djúpu laugina þar sem Ísland þurfti í senn að innleiða alla stjórnslu og skipulag ETS-kerfisins, setja viðkomandi laga- og reglugerðarákvæði, stofnsetja skráningarkerfi losunarheimilda og taka við umsjón með um 190 flugrekendum, langflestum erlendum. Önnur ríki innan EES hafa jafnt og þétt innleitt hin ýmsu ákvæði kerfisins þar til það náði svo að segja fullum vexti. Reyndi því mikið á hæfi og getu starfsmanna Umhverfisstofnunar og umhverfiráðuneytis við þetta verkefni. Á árinu var jafnframt unnið að undirbúningi við útfærslu vegna breytinga á kerfinu þar sem ýmis iðnaðarstarfsemi, þ.a.m. álvinnsla og járnblendiframleiðsla, var sett undir kerfið þann 1. janúar 2013.

Í lok árs 2012 gekk Umhverfisstofnun frá samningum er varða kaup á hugbúnaði til að halda utan um vöktun og skýrsluskil í ETS-kerfinu, samskipti við flugrekendur, rekstraraðila og vottunaraðila og upplýsingagjöf til þeirra. Stefnt er að því að hugbúnaðurinn verði kominn í gagnið í byrjun árs 2013 og skýrsluskil fyrir losun CO₂ fyrir árið 2012 fari í gegnum kerfið. Stofnunin bindur miklar vonir við að kerfið muni auðvelda vöktun, skýrslugjöf og utanumhald í kerfinu.

Útstreymi dróst saman um 3%

Útstreymi gróðurhúsalofttegunda dróst saman um 3% milli árunna 2009 og 2010. Þetta kemur fram í skýrslu um losun gróðurhúsalofttegunda frá árinu 1990 til 2010 sem Umhverfisstofnun tók saman og sendi til Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna (UNFCCC) í apríl 2012. Mikil vinna liggur að baki þessari skýrslu enda byggir hún á umfangsmiklum gögnum sem er safnað saman frá fjölmörgum stofnunum og fyrirtækjum. Helst má þar nefna Landbúnaðarháskóla Íslands, Skógrækt ríkisins og Landgræðslu ríkisins sem sjá um kaflann um losun frá landnotkun, Orkustofnun vegna eldsneytisnotkunar, Hagstofu vegna margvíslegra hagfræðitalna um framleiðslu, inn- og útflutning, og ýmsa iðnaðarstarfsemi, ekki síst stóriðju, vegna losunar frá iðnaði. Skýrslan er svo birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar og UNFCCC.

Árið 2010 var losunin frá Íslandi 4,5 milljónir tonna CO₂-ígilda sem er minnkun upp á 3% milli árunna 2009 og 2010. Samdráttinn má einkum rekja til minni eldsneytisnotkunar við fiskveiðar, í vegasamgöngum og byggingarstarfsemi. Losunin var mest árið 2008, eða tæplega 5 milljónir tonna CO₂-ígilda. Frá árinu 2008 hefur losun dregist saman um rúm 9%. Þá minnkun má rekja til ýmissa þátta. Minni losun er frá stóriðju, en myndun perflúorkolefnis (PFC) í álverum hefur minnkað vegna betri framleiðslustýringar. Þá er minni losun vegna byggingarstarfsemi og sementsframleiðslu, sem skýrist af minni umsvifum. Losun frá landbúnaði hefur einnig dregist saman en þar munar mestu um samdrátt í notkun tilbúins áburðar, sem veldur losun hláturgass (N₂O).

Ísland er skuldbundið til þess að halda sig innan tiltekinnar marka varðandi losun gróðurhúsalofttegunda. Samkvæmt spám Umhverfisstofnunar mun Ísland standa við sínar skuldbindingar gagnvart fyrsta tímabili Kýótó-bókunarinnar frá 2008 til 2012.



Heildarlöggjöf á sviði loftslagsmála

Fyrsta heildstæða löggjöfin á sviði loftslagsmála hér á landi leit dagsins ljós í lok júní 2012 þegar Alþingi samþykkti ný lög um loftslagsmál sem leysa af hólm lög um losun gróðurhúsalofttegunda frá 2007. Markmið lagasetningarinnar er tvíþætt. Annars vegar að setja heildarlöggjöf um loftslagsmál og gefa málaflökknum aukið vægi sem sjálfstæðum málaflökki meðal umhverfismála.

Þá voru leiddar í lög reglur um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (ETS-kerfið) sem er hluti af EES-samningnum. Þar af eru að hluta reglur sem þegar höfðu verið innleiddar á Íslandi og að hluta nýjar reglur. Þessar nýju reglur fela það m.a. í sér að frá og með 1. janúar 2013 munu tilteknir nýir geirar iðnaðar falla undir viðskiptakerfið, þ.m.t. álframleiðsla, járnblendni og steinullarframleiðsla, auk fiskimjölframleiðslu með olíukötlum. Viðskiptakerfið mun þá einnig ná til fleiri lofttegunda en koldíoxíðs, þ.m.t. perflúorkolefna (PFC). Þessu til viðbótar verður öll ákvarðanatöku í kerfinu mun miðlægari en áður hefur verið. Þetta þýðir að stærstur hluti þess iðnaðar sem losar gróðurhúsalofttegundir á Íslandi mun falla undir kerfið og greiða fyrir losun sína með því að skila inn losunarheimildum í samræmi við losun undangengins árs.

Meðal nýmæla er að fest er í lög skylda til að gera aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, kostnaðarmeta hana og uppfæra með reglubundnum hætti. Kveðið er á um stofnun Loftslagssjóðs sem hefur það hlutverk að styðja við verkefni er stuðlað geta að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi, aðlögun að afleiðingum loftslagsbreytinga og aukinni þekkingu almennings á loftslagsbreytingum af mannavöldum, afleiðingum þeirra og mögulegum aðgerðum til að sporna við þeim. Gert er ráð fyrir því að sjóðurinn verði fjármagnaður með tekjum sem íslenska ríkið fær af uppboðum á losunarheimildum.

Skráningarkerfi losunarheimilda

Í janúar 2012 var opnað fyrir miðlægt skráningarkerfi losunarheimilda í viðskiptakerfi ESB (ETS). Opnunin var liður í sameiningu skráningakerfa ríkja á EES-svæðinu sem hingað til höfðu hvert um sig rekið sérkerfi. Sameiginlega kerfinu er m.a. ætlað að auka öryggi í viðskipti vegna ETS og draga úr líkum á þjófnaði á losunarheimildum og skattsvikum.

Skráningarkerfinu má að mörgu leyti líkja við netbanka þar sem fyrirtæki geta haldið utan um úthlutaðar losunarheimildir, gert upp í samræmi við losun gróðurhúsalofttegunda og keypt eða selt heimildir. Umhverfisstofnun hefur umsjón og eftirlit með kerfinu hér á landi en kerfið er rekið af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Þar sem ETS-kerfið hefur ekki verið virkt hér á landi fram til þessa, þurfti umtalsverða vinnu við að setja það upp frá grunni.

Opnun skráningarkerfisins fór fram í tveimur þrepum. Fyrst gátu aðeins flugrekendur sem sótt höfðu um úthlutun endurgjaldslausra losunarheimilda fengið aðgang og opnað reikning í skráningarkerfinu. Alls sóttu níu flugrekendur um úthlutun og af þeim hafa sjö opnað reikning og fengið úthlutað heimildum í samræmi við árangursviðmið og útreikninga Umhverfisstofnunar. Þann 20. júní 2012 var fullur aðgangur opnaður að skráningarkerfinu og gátu þá allir aðilar sem falla undir ETS-tilskipunina og einkaaðilar sem þess óskuðu stofnað reikning og stundað viðskipti með losunarheimildir, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Í lok árs 2012 hafði Umhverfisstofnun opnað 13 reikninga, af því voru átta flugreikningar, fjórir iðnaðarreikningar og einn reikningur fyrir vottunaraðila.

Skráningarkerfinu má að mörgu leyti líkja við netbanka þar sem fyrirtæki geta haldið utan um úthlutaðar losunarheimildir, gert upp í samræmi við losun gróðurhúsalofttegunda og keypt eða selt heimildir



UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ 2008-2012

DRAGA ÚR LOSUN HEILSUSKAÐLEGRA
EFNA OG EFNA SEM ERU HÆTTULEG
UMHVERFINU



HEILSUSKAÐLEG EFNI OG ÚRGANGUR

SÍÐAN ÁRIÐ 2009 HEFUR VERIÐ UNNIÐ MARKVISST AÐ ÞVÍ AÐ EFLA OG BÆTA EFTIRLIT STOFNUNARINNAR OG UPPLÝSINGAGJÖF TIL ALMENNINGS UM NIÐURSTÖÐUR ÚR EFTIRLITI

IMPEL-skoðun á eftirliti

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með 129 fyrirtækjum, sem flokkast eftir tegundum atvinnurekstrar í 39 olíubirgðastöðvar, 24 fiskeldisfyrirtæki, 11 fiskmjölsverksmiðjur, fjögur álver, tvö endurvinnslufyrirtæki fyrir ál, tvær kísiljárnveksmiðjur, 35 úrgangsméðhöndlunarfyrirtæki, fjórar efnaverksmiðjur, átta annars konar atvinnurekstur, s.s. malbikunarstöðvar, sementsverksmiðju og steinullarverksmiðju. Að jafnaði eru starfsleyfi gefin út til sextán ára í senn og tíðni eftirlits getur verið tvisvar á ári, árlega eða annað hvert ár, eftir tegund atvinnurekstrar. Síðan árið 2009 hefur verið unnið markvisst að því að efla og bæta eftirlit stofnunarinnar og upplýsingagjöf til almennings um niðurstöður úr eftirliti.

Í ágúst 2012 kom sjö manna teymi frá IMPEL (samstarf stofnana í Evrópu um innleiðingu og eftirfylgni umhverfislöggjafar, Implementation and Enforcement on Environmental Law) til Íslands

Í ágúst 2012 kom sjö manna teymi frá IMPEL (samstarf stofnana í Evrópu um innleiðingu og eftirfylgni umhverfislöggjafar, Implementation and Enforcement on Environmental Law) til Íslands í þeim tilgangi að yfirfara starfsleyfisútgáfu og eftirlit Umhverfisstofnunar með atvinnurekstri sem getur haft í för með sér mengun. Þetta voru sex sérfræðingar, frá Noregi, Finnlandi, Hollandi, Póllandi, Bretlandi og Ítalíu, auk ritara frá IMPEL. Ísland var 17. landið sem fer í gegnum slíka skoðun. Skýrsla IMPEL var samþykkt á fundi samtakanna á Kýpur í byrjun desember 2012 og er birt í heild sinni á heimasíðu stofnunarinnar. Skoðunin stóð yfir dagana 28. -31. ágúst og kynntu sérfræðingar stofnunarinnar og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins framkvæmd eftirlits, starfsleyfisvinnslu, löggjöf sem eftirlitið og leyfisveitingar byggja á, skýrslugerð, mæliniðurstöður, upplýsingagjöf o.fl.. Farið er í gegnum samræmdan spurningalista frá IMPEL, sem þessar skoðanir byggja á og einstakir þættir krufnir nánar eftir efnum og ástæðum.



Meginniðurstöður voru þær að uppbygging og framkvæmd eftirlits og starfsleyfisútgáfu hjá Umhverfisstofnun er sambærileg því sem gerist í Evrópu og uppfyllir lágmarksviðmið.

- „Markmið ESB-umhverfisréttar á starfssviði Umhverfisstofnunar eru uppfyllt.“
- „Fyrirkomulag eftirlits og eftirfylgni er í meginatriðum í samræmi við tilmæli EB (RMCEI: Recommendation for Minimum Criteria for Environmental Inspections).“

Í skýrslunni er bæði fjallað um það sem er vel gert og það sem má bæta. Meðal þeirra atriða sem talin voru til fyrirmyndar voru:

- Upplýsingagjöf til almennings í gegnum vefsíðu og til fjölmiðla er til fyrirmyndar og leiðandi í Evrópu.
- Stofnunin má vera stolt af gagnagrunnum og upplýsingatækni. Tekist hefur að búa til vinnutæki sem standast samanburð við það sem þekktist í Evrópu en eru bæði einföld og ódýr.
- Sjálfstæð úrskurðarnefnd hefur verið sett á fót hérlandis sem einfaldar mjög athugasemda- og kærufæri vegna ákvarðana.

Umhverfisstofnun hefur frá árinu 2008 gert viðamiklar breytingar á starfi stofnunarinnar hvað varðar eftirlit með mengandi starfsemi. Yfirferð IMPEL var liður í því og staðfestir að margvíslegum árangri hefur verið náð og sömuleiðis hvað þarf að styrkja enn frekar. Stofnunin tekur undir öll atriði sem fram koma í skýrslunni. Mörg þeirra eru þegar komin í vinnslu

og önnur verða sett á áætlun næstu ára. Áfram verður stefnt að því að gera eftirlitið markvissara en fagnaðarefni er að tekist hefur að styrkja eftirlitið á undanförunum árum þrátt fyrir niðurskurð. Hér að neðan er fjallað um helstu atriði ögn nánar en fjölmörg fleiri voru nefnd sem lesa má um í skýrslunni.

Fámenn stofnun

Teymið telur að því fylgi áskoranir hversu fámennt starfslið Umhverfisstofnunar er. Sérfræðipekking á málaflokkum er yfirleitt á hendi einstakra starfsmanna og mikil þekking og reynsla glatast þegar og ef þeir hætta störfum. Lagt er til að starfsmenn sem vinna við eftirlitsmál, s.s. starfsleyfisútgáfu og eftirlit, skipti um störf til þess að öðlast reynslu og þekkingu á fleiri þáttum. Það geti dregið úr þekkingartapinu þegar starfsmenn hætta og sömuleiðis aukið þekkingu og reynslu allra starfsmanna.

Upplýsingar til almennings

Í skýrslunni er þess sérstaklega getið, að birting eftirlitskýrslna og gagna úr eftirliti á heimasíðu auk þess að gera fjölmiðlum viðvart sé til fyrirmyndar fyrir önnur Evrópuríki. Ísland sé leiðandi í þessum efnum og geti miðlað af sinni reynslu til annarra Evrópuríkja.

Endurheimt kostnaðar

Í yfirferðinni kom í ljós að aðeins hluti þess kostnaðar sem fellur til vegna starfsleyfisútgáfu og eftirlits er endurheimtur með gjöldum. Samkvæmt mengunarbótareglunni skulu þeir sem valda mengun bera kostnaðinn sem fellur til hjá hinu opinbera vegna þessa. Teymið leggur til að sá kostnaður verði endurheimtur að fullu.

Mælingar og vöktun

Teymið gerði ekki athugasemdir við núverandi fyrirkomulag vöktunar og mælinga en taldi rétt að stofnunin fengi fjármagn til þess að láta framkvæma eigin mælingar eftir þörfum. Það er fyrst og fremst til að sannprófa fyrirbyggjandi mælingar og tryggja gæði mælinga.

Upplýsingatækni

Teymið var hrifið af gagnagrunni fyrir eftirlit með mengandi starfsemi sem hefur verið í þróun að undanförunum hjá Umhverfisstofnun. Jákvæða athygli vakti hversu ódýr og sveigjanlegur hann er og tenging hans við spjaldtölvur. Víða í Evrópu tekur langan tíma að gera breytingar á gagnagrunnum og kostnaður oft mjög mikill.


Fyrirvaralaust eftirlit

Umhverfisstofnun hefur fjölgað fyrirvaralausum eftirlitsferðum en hlutfall skipulagðs eftirlits og eftirlits án fyrirvara er að mati teymisins lágt hérlandis. Því mætti enn fjölga fyrirvaralausum eftirlitsferðum. Sérstaklega væri hægt að nýta svigrúm sem myndast með áhættumati og fækkun eftirlitsferða til tiltekinna starfsleyfishafa.

Stjórnvaldssektir

Umhverfisstofnun hefur komið óskum um heimildir til að leggja á stjórnvaldssektir við umhverfis- og auðlindaráðuneytið sem hefur það til skoðunar. Teymið telur að slíkar sektir geti verið gagnlegar í eftirfylgni eftirlits.

Teymið telur að því fylgi áskoranir hversu fámennt starfslið Umhverfisstofnunar er



Mynd 1. Meðaltalsgildi á styrk flúoríðs í grasi í Reyðarfirði sumarið 2012 (júní-ágúst).

Flúormengun í Reyðarfirði

Greiningar sýndu umtalsverða hækkun gilda í öllum Reyðarfirði miðað við undanfarin ár

Í byrjun október 2012 tilkynnti Alcoa Fjarðaál til Umhverfisstofnunar um frumniðurstöður greininga á styrk flúors í grasi í Reyðarfirði. Niðurstöðurnar byggðu á sýnum sem tekin voru með u.þ.b. tveggja vikna millibili á tímabilinu 7. Júní-17. ágúst 2012. Greiningar sýndu umtalsverða hækkun gilda í öllum Reyðarfirði miðað við undanfarin ár og áberandi mest í geira í vestur frá iðnaðarsvæðinu eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. Í samræmi við verklagsreglur stofnunarinnar og frumkvæðisskyldu stjórnvalda kom stofnunin þessum upplýsingum á framfæri við fjölmiðla án tafar.

Stöðugt er unnið að því að bæta mat á útstreymi loftmengunarefna

Þegar í stað var hafist handa við að kanna nánar umfang mengunarinnar með ítarlegum sýnatökum og greiningum á flúor í heyi, korni og garðjurtum á svæðinu. Auk þess skoðaði dýralæknir ástand hrossa og sauðfjár í Reyðarfirði og tekin voru sýni af sláturfé til greininga. Þessar greiningar staðfestu fyrstu niðurstöður um mengun. Mælingar á flúor í heyi voru þó í öllum tilfellum undir mörkum fyrir fóður og gerði Matvælastofnun því ekki athugasemdir við að það yrði gefið búfé. Hins vegar sýndu mælingar á flúor í sauðfé að ástæða væri til að mati Matvælastofnunar að fylgjast með heilbrigði ungvíðis sem hafi verið á beit á svæðinu sumarið 2012.

Umhverfisstofnun fór fram á að Fjarðaál skilaði stofnuninni greiningu á orsökum mengunarinnar, umfangi og tillögu að aðgerðaáætlun til að koma í veg fyrir að sama staða geti komið upp aftur. Stofnun og yfirferð gagna stóð til ársloka 2012 og er gert ráð fyrir að yfirferð Umhverfisstofnunar ljúki á fyrri hluta árs 2013.


Díoxín

Umhverfisstofnun metur árlega útstreymi loftmengunarefna, þ.á.m. þrávirkra lífrænna efna (díoxíns, PAH og HCB) og sendir til skrifstofu Samnings um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa (CLRTAP: Convention on Long Range Transboundary Air Pollution). Helstu niðurstöður og aðferðir við útreikninga eru birtar í skýrslu, sem er á ensku. Skýrslan sem kom út á árinu heitir *Emissions of Persistent Organic Pollutants and other air pollutants in Iceland 1990-2010*.

Stöðugt er unnið að því að bæta mat á útstreymi loftmengunarefna. Á árinu var í fyrsta skipti metið magn útstreymis HCB hér á landi. Mikilvægustu uppsprettur HCB eru sorpbrennsla og iðnaður en þess ber að geta að matið nær einungis yfir fáar uppsprettur enn sem komið er. Einnig var í fyrsta skipti metið útstreymi díoxíns og PAH vegna eldsvoða og kom í ljós að hér er um mikilvæga uppsprettu að ræða. Mat á losun díoxíns frá sorpbrennslu var endurmetið út frá mælingum sem gerðar hafa verið í sorpbrennslustöðvum á síðustu árum. Þá var útstreymi díoxíns frá áramótabrennum endurmetið, enda hafði magn þess efnis sem fer á áramótabrennur einungis verið metið mjög gróflaga áður. Um áramótin 2011-2012 var gert sérstakt átak til að meta með meiri nákvæmni það magn sem brennt er á áramótabrennum en áður hafði verið áætlað að brennt magn væri á bilinu 5-7000 tonn á ári. Brennan við Geirsnef í Reykjavík var vigtuð nákvæmlega og hæð hennar og þvermál mælt. Að auki var safnað saman upplýsingum frá öllum heilbrigðiseftirlitssvæðum um brennur á hverju svæði.

Hlutverk

Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi fyrir leiðsögumenn með hreindýraveiðum.



Út frá mælingum á brennunni í Geirsnefi og upplýsingum frá heilbrigðiseftirlitssvæðum var áætlað hversu mikið magn var brennt á öllum þekktum brennum á landinu. Þannig var áætlað að um áramótin 2011-2012 hefðu verið brennd um 1700 tonn eða um þriðjungur af því magni sem áður hafði verið áætlað. Þá var einnig metið, með aðstoð heilbrigðisfulltrúa sem unnið hefur við brennur síðan 1993, hvert magnið hefði verið á tímabilinu 1990 til 2011 en brennum hefur farið fækkandi á tímabilinu, auk þess sem öll umgjörð í kringum brennur er komin í fastari skorður. Áætlað var að magnið sem brennt var árið 1990 hafi verið 4250 tonn. Árið 2000 komu út leiðbeiningar brunamálastjóra, Umhverfisstofnunar og ríkislögreglustjóra um bálkesti og brennur. Síðan þá hefur „hreinna“ efni verið brennt en áður og nú er eingöngu leyfilegt að brenna timbur á brennum. Áður var alls kyns efni að finna á áramótabrennum, s.s. eldhúsinnréttingar, báta, dekk, leysiefnadollur og ýmsan úrgang sem fyrirtæki losuðu sig við. Til að taka tillit til þessa voru mismunandi útstreymisstuðlar notaðir en gert er ráð fyrir að 600 µg af díoxíni hafi myndast á hvert brennt tonn frá 1990 til 1995, sem hafi svo farið lækandi niður í 60 µg á hvert brennt tonn frá og með árinu 2003 en eftir þann tíma er gert ráð fyrir að einungis timbur sé brennt á áramótabrennum.

Heildarmagn díoxíns sem losað var í loft á árinu 2010 skv. ofangreindri skýrslu var 3.1 g og var skiptingin eins og sjá má á meðfylgjandi kökuriti.

Hávaðakortlagning stórra vega og þéttbýlissvæða

Vegagerðin og sveitarfélög vinna að því að kortleggja hávaða á stórum vegum og á þéttbýlissvæðum á Íslandi í þremur áföngum. Fyrsta áfanga var lokið í júlí 2012 þegar stórir vegir þar sem umferð telur

meira en 6 milljón ökutækja á ári voru kortlagðir. Öðrum áfanga lauk um áramótin en þá hafði hávaði á stórum vegum með umferð þriggja til sex milljón ökutækja á ári og á þéttbýlissvæðum verið kortlagður. Stórir vegir sem voru kortlagðir eru staðsettir innan höfuðborgarsvæðisins, í Reykjanesbæ, á Selfossi og Akureyri. Fimm sveitarfélög falla undir skilgreint þéttbýlissvæði og þurftu að kortleggja hávaða í þéttbýli, en þau er Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðabær og Hafnarfjörður.

Hávaðamælingar og útreikningar höfðu farið fram á flestóllum vegunum áður og hafa sveitarfélög víða gripið til ráðstafana þar sem hávaði hefur reynst vera yfir settum mörkum, t.d. með uppsetningu hávaðamana eða styrkir veittir til glerskipta.

Í þriðja áfanga sem ljúka skal á árinu 2013 ber sveitarfélögum skylda til þess að gefa út aðgerðaráætlanir fyrir þau svæði þar sem kortlagning sýnir að hávaði sé yfir viðmiðunarmörkum.

Miðað er við að hávaði frá vegum, við húsvegg fyrir íbúðarhúsnæði á íbúðar-, verslunar-, þjónustu- og miðsvæðum, fari ekki yfir 55-65 dB LAeq24 (meðaltalsgildi hávaða yfir einn sólarhring).

Útreikningar fyrsta og annars áfanga sýndu að hávaði fer yfir 55 dB Lden við húsveggi um 34.200 íbúða eða hjá allt að 70.000 íbúum. Er þá miðað við hávaða frá stórum vegum með umferð yfir 6 milljón ökutækja á ári á öllu landinu og umferð þriggja til sex milljón ökutækja á ári, á skilgreindu þéttbýlissvæði og á landsbyggðinni. Einnig kom fram að hávaði fer yfir mörk hjá allt að 700 íbúðum vegna hávaða frá iðnaði. Þessar niðurstöður gefa vísbendingu um hvar hávaði kunni að vera yfir mörkum. Það ber þó að líta til þess að hávaðakortin eru reiknuð m.v. fjögurra metra hæð en reglugerð um hávaða kveður á um að viðmiðunarhæð utan við húsvegg sé tveir metrar og

Útreikningar fyrsta og annars áfanga sýndu að hávaði fer yfir 55 dB Lden við húsveggi um 34.200 íbúða eða hjá allt að 70.000 íbúum

UMHVERFISSTOFNUN REKUR BÚNAÐ TIL MÆLINGA Á LOFTMENGUN Á NOKKRUM STÖÐUM Á LANDINU



viðmiðunarmörk innanhúss eru við lokaða glugga. Þar sem mælingarnar eru við fjögurra metra hæð kunna þær að vera misvísandi fyrir lágreista byggð. Einnig hefur sums staðar verið gripið til ráðstafana til þess að draga úr hávaða sem ekki er tekið tillit til í þessum útreikningum. Byrjað er að reikna út hávaðakort fyrir þéttbýlissvæði m.v. tveggja metra hæð sem gefa munu betri mynd af raunástandi byggðar.

Umhverfisstofnun safnaði saman og sendi niðurstöður kortlagningar til eftirlitsstofnuna EFTA skv. ákvæðum tilskipunar 2002/49/EB um mat og stjórn á hávaða í umhverfinu. Ísland innleiddi tilskipunina árið 2005. Við kortlagningu var hávaði reiknaður m.v. fjögurra metra hæð og gefinn upp í gildunum Lden (meðaltalsgildi hávaða yfir einn sólarhring) og Ln (gildi hávaða að nóttu til). Niðurstöður útreikninga eru settar fram á hávaðakortum, þar sem mismunandi litir standa fyrir mismunandi dB-gildisbil. Hávaðakort eru aðgengileg á umhverfisstofnun.is.

Ráðstefna og leiðbeiningar um hljóðvistarkröfur í umhverfi barna

Leiðbeiningar um hljóðvistarkröfur í umhverfi barna voru gefnar úr árið 2012. Þeim er ætlað að nýtast eftirlitsaðilum, foreldrum og forráðamönnum barna, öðrum umönnunaraðilum og starfsmönnum og ábyrgðaraðilum í leik- og grunnskólum og víðar þar sem börn dvelja. Leiðbeiningarnar fjalla um sett mörk reglugerðar um hávaða en mörk fyrir hávaða eru byggð á stöðluðum gildum sem sett hafa verið fram í íslenska staðlinum Hljóðvist – Flokkun íbúðar- og atvinnuhúsnæðis ÍST 45:2011. Leiðbeiningarnar fjalla einnig um notkun og túlkun staðalsins og reglugerð um byggingar sem Mannvirkjastofnun hefur yfirumsjón með (nr. 112/2012 með síðari breytingum). Veigamesta umfjöllunarefni leiðbeininganna er þó hvernig eftirliti með hljóðvist í umhverfi barna er háttað, hvernig best sé að haga því og hvaða úrræði er hægt að notast við til að bæta hljóðvist í umhverfi barna og minnka hávaða, jafnt á heimilum sem og í leik- og grunnskólum. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á umhverfisstofnun.is.

Starfsmaður Umhverfisstofnunar flutti erindi um aðgerðir yfirvalda til að draga úr hávaða í

námsumhverfi barna á ráðstefnu um skaðleg áhrif hávaða í námsumhverfi barna sem haldin var í október 2012. Dr. Valdís I. Jónsdóttir, talmeina- og raddfræðingur, stóð fyrir ráðstefnunni en erindi fluttu ýmsir innlendir og erlendir aðilar sem koma að málefnum barna hvað varðar hljóðvist og námsumhverfi, s.s. kennarar, heyrnar- og talmeinafræðingar, hljóðvistarsérfræðingur, umboðsmaður barna, læknir, Vinnueftirlitið og aðilar úr Norræna samstarfshópnum NORVEG (Nordic Voice Ergonomic Group).

Í erindi Umhverfisstofnunar var m.a. farið yfir ákvæði reglugerðar um hávaða frá árinu 2008 og hávaðamörk er varða námsumhverfi barna sérstaklega dregin fram, ofangreindar leiðbeiningarnar voru kynntar sem og efni á umhverfisstofnun.is sem fjallar um hávaða í umhverfi barna. Yfir hundrað manns sóttu ráðstefnuna sem stóð yfir í tvo daga.

Loftgæði og svifryksmælingar

Umhverfisstofnun rekur búnað til mælinga á loftmengun á nokkrum stöðum á landinu. Þær eru misjafnar að stærð og gerð. Sumar mæla nokkur efni meðan aðrar mæla aðeins eitt. Mælistöðin við Grensásveg í Reykjavík er sú helsta. Þar eru flest efni mæld og það er sú stöð sem á hvað lengsta mælingasögu. Stöðugar mælingar á loftmengun hófust við Grensásveg árið 1996. Þau efni sem mæld eru þar í dag eru svifryk (PM 10), fint svifryk (PM 2,5), nituroxíðsambönd (NOx), kolmónoxíð (CO),

brennisteinsdíoxíð (SO₂), og brennisteinsvetni (H₂S). Í gegnum tíðina hafa líka verið mæld fleiri loftmengunarefni og þar má nefna óson og ýmis rokgjörn lífræn efnasambönd eins og bensen, methan, tólúen og xylen. Uppruna flestra þessara efna má rekja til umferðar nema brennisteinsvetni en það kemur frá jarðhitavirkjunum. Í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum og við Hvaleyraholt í Hafnarfirði eru líka mælistöðvar sem mæla nokkur mismunandi efni. Stofnunin rekur einnig minni mælistöðvar sem einungis mæla eitt eða tvö efni. Þannig er t.d. mælt ósón við Keldnaholt í Reykjavík og á Hvanneyri. Á Akureyri eru tvær mælistöðvar. Önnur er ávallt höfð á sama stað við Tryggvabraut og mælir hún svifryk og nituroxíð. Hin mælir einungis svifryk og hefur hún verið færð á milli leikskóla í bænum.

Eftir eldgosin í Eyjafjallajökli og Grímsvötnum varð mikil eftirspurn eftir upplýsingum um styrk svifryks á Suðurlandi. Umhverfisstofnun keypti einn mæli eftir hvort eldgos þannig að nú er tveir mælur staðsettir á Suðurlandi, sérstaklega til að mæla svifryk vegna öskufoks. Annar mælirinn er staðsettur á Raufarfelli undir Eyjafjöllum en hinn er á Mariúbakka í Fljótshverfi. Nokkuð hefur verið um bilanir í þessum mælum en það hefur sýnt sig að þeir þola ekki vel þann mikla styrk ryks sem verður í öskufoki. Þannig voru t.d. báðir mælarnir bilaðir hluta ársins 2012. Þrátt fyrir það hyggst Umhverfisstofnun halda áfram mælingum á svæðinu enda eru upplýsingar um styrk svifryks í öskufoki mikilvægar bæði út frá heilsufarssjónamiðum og út af flugumferð.

Ný reglugerð um sæfiefni - kynningarfundur

Í tilefni af nýrri evrópskri reglugerð um sæfiefni sem tekur gildi í desember 2013 stóð Umhverfisstofnun fyrir upplýsingafundi um sæfiefni þann 13. desember 2012, í samvinnu við Samtök atvinnulífsins og Samtök verslunar og þjónustu. Til sæfiefna (biocides) flokkast ýmis sóttþreinsandi efni til yfirborðsmeðhöndlunar og til nota í matvælaframleiðslu, iðnaði, innan heilbrigðisgeirans og á stofnunum, rotvarnarefni til að tryggja geymsluþol efna eða til varnar vexti örvera (matvæli eru undanskilin), útrýmingarefni, t.d. skordýraeyðir, nagdýraeitur og gróðurhindrandi efni sem notuð eru í botnmálningu skipa.

Markmið þessarar nýju reglugerðar er að bæta frjálstan flutning sæfivara innan EES-svæðisins og tryggja um leið hátt verndarstig fyrir heilbrigði manna og dýra og umhverfis. Nýja reglugerðin byggir á sama verklagi og áður var, þ.e. fyrst er virka efnið áhættumetið og það samþykkt til notkunar á EES-svæðinu og svo er sótt um markaðsleyfi fyrir sæfivörur sem innihalda samþykkt virk efni í hverju landi fyrir sig. Umhverfisstofnun sér um leyfisveitingar hér á landi. Með reglugerðinni koma nokkrar breytingar sem munu hafa áhrif á sum fyrirtæki sem markaðsetja sæfivörur. T.d. er nýtt ákvæði sem segir að ef birgi virks efnis er annar en það fyrirtæki sem stendur að baki áhættumati þess, þá þarf hann að hafa aðgang að viðeigandi gögnum úr áhættumatinu. Efnastofnun Evrópu mun viðhalda gagnagrunni yfir þessa

Markmið þessarar nýju reglugerðar er að bæta frjálstan flutning sæfivara innan EES-svæðisins og tryggja um leið hátt verndarstig fyrir heilbrigði manna og dýra og umhverfis

Við kortlagningu var hávaði reiknaður m.v. fjögurra metra hæð og gefinn upp í gildunum Lden (meðaltalsgildi hávaða yfir einn sólarhring) og Ln (gildi hávaða að nóttu til)

Yfir hundrað manns sóttu ráðstefnuna sem stóð yfir í tvo daga

HANN ÍTREKAÐI MIKILVÆGI ÞESS AÐ VERA Í GÓÐU SAMBANDI VIÐ BIRGJA ÞAR SEM FYRIRSÉÐ ER AÐ FÆRRI FYRIRTÆKI MUNU HAFA LEYFI TIL AÐ SELJA VIRK EFNI Í SÆFIVÖRUR

birgja. Nú verða líka fleiri tegundir leyfa í boði, t.d. sambandsleyfi sem gildir á öllu EES-svæðinu. Að auki eru ný ákvæði um meðhöndlaðar vörur sem þýða að ef vara, sem meðhöndluð er með sæfiefni, er flutt inn á EES-svæðið þarf virka efnið sem notað er að vera samþykkt samkvæmt þessari reglugerð.

Á fundinum var stiklað á stóru varðandi reglugerðarumhverfi sæfiefna á Íslandi í dag, sæfiefnaflokka og helstu breytingar með nýrri reglugerði. Sæfivöruskráin (R4BP), sem notuð er við umsókn um markaðsleyfi, var einnig kynnt.

Gestafyrirlesari var Ian Pepper sem starfar sem ráðgjafi og hefur margra ára reynslu í sölu- og markaðsmálum og tæknilegri vöruþróun hjá alþjóðlegum fyrirtækjum á sviði varnar- og sæfiefna. Hann fór yfir sögu sæfiefnalöggjafar í Evrópu. Hann benti framleiðendum og innflytjendum sæfiefna og -vara á að vera tilbúnir fyrir breytingar þar sem leyfisferillinn væri bæði tímafrekur og kostnaðarsamur. Hann ítrekaði mikilvægi þess að vera í góðu sambandi við birgja þar sem fyrirséð er að færri fyrirtæki munu hafa leyfi til að selja virk efni í sæfivörur. Ian áréttaði einnig mikilvægi þess að viðhalda eftirliti með sæfivörum á markaði til að fyrirbyggja að ólöglegar vörur séu á markaði á kostnað þeirra sem sótt hafa um markaðsleyfi fyrir sínar vörur.

Fundurinn var í heild sinni góður þó fámennur væri en þeir sem ekki sáu sér fært að mæta fengu erindin send rafrænt.

Þessi breyting fól í sér að tannlæknum er einum heimilt að hvíta tennur með sterkari peroxíðgjöfum en 0,1% en þó ekki sterkari en 6%



Nýjar reglur um tannhvítun

Á Íslandi tókum við upp regluverk Evrópusambandsins um efna- og snyrti-vörur. Vegna þess var í apríl 2012 innleidd breyting á snyrtivörureglugerð. Þessi breyting fól í sér að tannlæknum er einum heimilt að hvíta tennur með sterkari peroxíðgjöfum en 0,1% en þó ekki sterkari en 6%. Þessar prósentur eru % hýdogen peroxíð eða jafngildi þess, ef notuð eru önnur peroxíð.

Reglugerðin segir að tannlæknir verði að hefja tannhvítunarferlið eða það sé undir hans stjórn. Þegar meðferðin er byrjuð má tannlæknir afhenda neytanda tannhvítunarefni, til að neytandinn getið lokið meðferðinni. Reglugerðin segir líka að ekki megi hvíta tennur yngra fólks en 18 ára.

Reglusetning þessi var endapunktur á löngu ferli sem staðið hafði innan Evrópusambandsins í um áratug. Vegna þess að tannhvítun með peroxíðgjöfum getur aukið tannlos, hafi menn byrjandi tannlos, og er hættuleg hafi menn skemmd í tönnum og getur í versta falli rötardrepið tennur, þá varð niðurstaðan sú, eins og kemur fram í umræddri reglugerð, að tannhvítun skyldi vera á forræði tannlækna. Jafnframt er skýrt að tannhvítunarefni eru snyrtivara og falla þar með undir snyrtivörureglugerð.

Byrjunin á þessum reglum var að bannað var að nota sterkari peroxíðgjafa en 0,1% í munnholi. Þessi efni nýtast ágætlega til sótthreinsunar en eru gagnslítill til tannhvítunar. Nú háttar svo til að peroxíðsambönd eru í margs konar notkun. Þau eru hluti þvottaefna og blettahreinsa, eru notuð við hárlitun og ýmis konar sótthreinsun. Því er ómögulegt að takmarka innflutning eða framleiðslu þessara efna. Það er því einungis hægt að setja reglur um notkun þeirra eins og gert var hér.

Töluverð bylgja tannhvítunnar hefur verið í gangi undanfarin ár. Þar sem reglur um tannhvítun eru frjálslegri í Bandaríkjunum en í Evrópu, þá flæðir inn á Evrópumarkað tannhvítunarefni frá Bandaríkjunum. Þessar nýju reglur gera eftirlitsaðilum í Evrópu kleift að stöðva starfsemi annarra en tannlækna við tannhvítun með peroxíðefnum og einnig að taka af markaði peroxíðefni, sem beinlínis eru ætluð neytendum til tannhvítunnar heima.

Árið 2012 gaf Umhverfisstofnun út eftirfarandi starfsleyfi:

1.	Urðunarstað sveitarfélagsins Hornafjarðar á Mel í landi Fjarðar
2.	Oliubirgðastöð Olíudreifingar, Ísafjarðarbæ
3.	Móttökustöð Íslenska gámafélagsins ehf., sveitarfélaginu Árborg
4.	Fiskeldisstöð Klausturbleikju ehf, Skaftárhreppi
5.	Kvíaeldisstöð Rifóss hf, Kelduhverfi
6.	Móttöku og meðhöndlun spilliefna, Sagaplast ehf, Akureyri
7.	Urðunarstað Sorpsamlags Strandasýslu ehf, í landi Skeljavíkur
8.	Fiskeldisstöð Stolt Sea Farm Holding Iceland hf, Reykjanesbæ
9.	Kvíaeldisstöð Arnarlax ehf, Arnarfirði
10.	Kvíaeldisstöð Fjarðalax ehf í Fossfirði
11.	Móttökustöð Ísafjarðarbæjar, Funa í Engidal
12.	Kvíaeldisstöð Laxa fiskeldis ehf, Reyðarfirði

Niðurstaðan varð sú, eins og kemur fram í umræddri reglugerð, að tannhvítun skyldi vera á forræði tannlækna

Raki og mygla

Í Evrópu er áætlað að of mikill raki sé í 10-50% (mismikið eftir löndum) af því húsnæði sem fólk býr, vinnur og leikur sér í. Of mikill raki veldur þungu lofti og saggalykt. Loft kólnar við raka veggja en það kallar á meiri upphitun með hærri hitakostnaði. Of mikill raki í húsnæði getur haft slæm áhrif á heilsu fólks. Þeir sem búa í húsnæði með raka og myglu eru í meiri hættu en aðrir að fá sjúkdómseinkenni og sýkingar í öndunarvegi, ofnæmiskvef og astma. Fólk er misviðkvæmt fyrir myglu og sumir hópar eru

sérlega viðkvæmir. Sérstaklega þarf að halda raka og myglu frá börnum, eldra fólki, fólki með astma, exem og ofnæmi eða bælt ónæmiskerfi. Rannsóknir sýna að þeir sem búa í vel einangruðum húsum og vel loftræstum leita síður til lækna og leggja stund inn á sjúkrahús vegna kvilla í öndunarfærum en þeir sem búa í röku húsnæði.



UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ 2008-2012

GERA UPPLÝSINGAR UM UMHVERFISMÁL
AÐGENGILEGAR ALMENNINGI OG HAGSMUNAAÐILUM
OG GERA ÞEIM ÞANNIG KLEIFT AÐ HAFA ÁHRIF Á
UMHVERFI SITT



UPPLÝSINGAR UM UMHVERFISMÁL

Nýsköpunarverðlaun í opinberri þjónustu

Umhverfisstofnun átti eitt þeirra 18 verkefna sem valin voru úr hópi 62ja verkefna sem tilnefnd voru til Nýsköpunarverðlauna í opinberri þjónustu. Verkefni stofnunarinnar var um breytingar á upplýsingamiðlun til almennings og meðhöndlun gagna. Verkefnið snýr að tveimur þáttum, annars vegar upplýsingamiðlun til almennings um mengun og hins vegar notkun upplýsingatækni í eftirliti með mengandi starfsemi.

Umhverfisstofnun ákvað á árunum 2008-2009 að auka verulega gagnsæi og upplýsingamiðlun um eftirlit með mengandi starfsemi. Á umhverfisstofnun.is eru frá mars 2011 birtar allar eftirlitsskýrslur, upplýsingar um þvingunarræði og sértækar mælingar. Almennigur getur fylgst með stöðu mála í sínu nágrenni með einföldum hætti. Fjölmíðlar geta nálgast mikilvægar upplýsingar hratt og örugglega. Gagnsæi eykur traust á eftirlitinu og á þeim aðilum sem eru undir eftirliti og standa sig vel en ýtir við þeim sem gera það ekki.

Upplýsingarnar eru vistaðar á sérstöku vefsvæði um mengandi starfsemi og einnig er hægt að nálgast þær í gegnum kortavalmynd (af Íslandi) á forsíðu vefsins.

Í gæðakerfi stofnunarinnar (sem er ISO 9001 vottað) er nú verkferli um hvenær og með hvaða hætti upplýsingum um losun mengandi efna skuli komið á framfæri við almenning. Alltaf þegar fyrirtæki er áminnt fyrir að standast ekki kröfur um losun mengandi efna (eða hefur ekki skilað inn gögnum til þess að skera úr um hvort starfsemin sé innan marka) er sett frétt á umhverfisstofnun.is þess efnis og send fjölmíðlum.

Á sama tíma var eftirlit með mengandi starfsemi samræmt og eft og búinn til gagnagrunnur af starfsfólki Umhverfisstofnunar þar sem safnað er saman upplýsingum úr eftirliti og um beitingu þvingunarræða. Grunnurinn gerir eftirlitsmönnum kleift að færa niðurstöður sínar í gegnum spjaldtölvur í eftirlitinu sjálfu, taka myndir, kvikmyndir og tala inn minnisatriði.



Í grunninum er auðvelt að leita og skoða upplýsingar úr eftirliti og fá út yfirlit yfir t.d. fjölda frávíka, eftirlitsferða og önnur atriði. Með grunninum er miðlæg söfnun upplýsinga auðvelduð og einfölduð sem tryggir öruggari vörslu og söfnun gagna, samræmi í verklagi, yfirsýn yfir stöðu mála og gefur möguleika á frekari birtingu upplýsinga um eftirlit á vefnum. Hann býður einnig upp á rafrænar eftirlitsskýrslur og útgáfustjórnun á skjölum ásamt áminningakerfi.

Kostnaður við birtingu gagnanna á vefnum er óverulegur og mun lækka þegar gögnin fara beint úr gagnagrunni og á vefinn. Kostnaður við vinnslu og rekstur gagnagrunnsins er umtalsvert lægri en stærri gagnagrunnskerfi sem algengt er að opinberar stofnanir hérlendis sem erlendis notist við.

Hvað get ég gert í loftslagsmálum?

Aukin gróðurhúsaáhrif valda hnattrænni hlýnun og loftslagsbreytingum. Afleiðingar loftslagsbreytinga á jörðinni eru meðal annars þær að gróðurbelti færast til, breytingar verða á úrkomumynstri, yfirborð sjávar hækkar og flóðahætta eykst á ýmsum frjósömum og þéttbýlum svæðum. Auk þess kunna að verða breytingar á lífsskilyrðum í sjó vegna breytinga á straumum, sýrustigi og seltu.

Á árinu var unnið kynningarefni um hvað hver og einn einstaklingur getur lagt af mörkum til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda þarf ekki að þýða að draga þurfi úr lífsgæðum, en við þurfum að gera eitt og annað aðeins öðruvísi en hingað til. Framtíðin verður að innihalda nýja matseðla, orkusparnað, breyttan ferðamáta, orkunýtnari

ökutæki og minni losun gróðurhúsalofttegunda á ferðalögum. Tækninýjungar og -umbætur hjálpa okkur áleiðis að markmiðunum en það þarf meira til. Breyttir lífshættir og neysluvenjur geta bætt lífsgæði okkar allra til framtíðar.

Það helsta sem hver og einn getur gert er að huga betur að eigin neyslu. Helst þá að draga úr neyslunni. En það eru ýmis önnur ráð sem vert er að hafa í hugsa, s.s. að velja umhverfismerkta og endurunnar vörur, velja fjölnota, versla innlenda framleiðslu, láta gera við frekar en að kaupa nýtt og endurvinnna. Kynntu þér hvað þú getur gert á umhverfisstofnun.is.

Grænn.is

Umhverfisstofnun opnaði vefsvæðið grænn.is árið 2011. Þar hefur verið safnað saman upplýsingum um ýmis mál er snúa að almenningi og tengjast umhverfi og heilsu. Má þar nefna samgöngur, snyrtivörur, leikföng, fatnað, húsgögn, efni í vörum og svo mætti lengi telja. Reglulega er vakin athygli á einstökum málum, t.d. um andlitsmálningu í tengslum við Öskudag og varðandi notkun á heitum pottum á sumrin. Markmiðið með vefnum er að veita almenningi upplýsingar svo hann eigi auðveldar með að taka upplýsta ákvörðun í umhverfismálum, bæði sér, sínum nánustu og umhverfinu til heilla.

Vefurinn hefur vakið talsverða athygli og er nú eitt mest sóttu vefsvæði Umhverfisstofnunar. Meðal vinsælustu málaflokka eru raki og mygla og grænt kynlíf. Þá hafa fjölmíðlar verið duglegir við að fjalla um efni af grænn.is og þá helst þau sem eru efst á baugi hverju sinni.

Ráðgert er að vinna áfram með vefinn og að hann muni eflast enn frekar á næstu árum. Þá er einnig á

döfinni að útbúa annað vefsvæði sem er með sama sniði og grænn.is en með upplýsingum fyrir fyrirtæki. Þar verður fjallað um hvernig þau geti dregið úr neikvæðum umhverfisáhrifum og verið með í því að móta grænt hagkerfi.

Ljósmyndakeppni

Sumarið 2012 stóðu Umhverfisstofnun og Vatnajökulsþjóðgarður fyrir ljósmyndasamkeppni á friðlýstum svæðum á Íslandi. Megintilgangurinn með samkeppninni var að fræða landsmenn um friðlýst svæði, hvetja fólk til að kynna sér svæðin og heimsækja þau. Mörg þessara svæða bjóða upp á mikla möguleika til útivistar og náttúruskoðunar allt árið um kring.

Alls bárust 368 myndir af friðlýstum svæðum í keppnina víðsvegar af landinu. Af þeim voru 20 bestu myndirnar valdar á ljósmyndasýningu sem haldin var í Kringlunni 16.-23. september. Við opnun sýningarinnar voru vinningsmyndirnar kynntar formlega. Í aðalverðlaun var Canon ljósmyndavél. Dómnefndina skipuðu fulltrúar frá Umhverfisstofnun og Vatnajökulsþjóðgarði ásamt utanaðkomandi aðila.

- **1. sæti hlaut Skarphéðinn Þráinsson** fyrir mynd sína af hver við Hveravelli sem prýðir forsíðu skýrslunnar
- **2. sæti hlaut Fred Schalk** fyrir mynd sína af Lóndröngum sem eru innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls
- **3. sæti hlaut Óskar Andri Víðisson** fyrir mynd sína af húsandapari að vetri til á Laxá í Mývatnssveit

Meðal vinsælustu málaflokka eru raki og mygla og grænt kynlíf

Almenningur getur fylgst með stöðu mála í sínu nágrenni með einföldum hætti

Kostnaður við birtingu gagnanna á vefnum er óverulegur og mun lækka þegar gögnin fara beint úr gagnagrunni og á vefinn



UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ 2008-2012

VINNA AÐ VERND, VIÐHALDI,
ENDURHEIMT OG NÝTINGU ÞEIRRA
AUÐLINDA SEM FELAST Í NÁTTÚRU
ÍSLANDS BYGGÐ Á SJÓNARMÍÐUM
UM LÍFFRÆÐILEGA FJÖLBREYTNÍ,
VARÐVEISLU JARÐMYNDANA OG
LANDSLAGSHEILDA



VERND, VIÐHALD, ENDURHEIMT OG NÝTING NÁTTÚRU ÍSLANDS

UMHVERFISSTOFNUN VINNUR AÐ GERÐ
VERNDARÁÆTLUNAR FYRIR LÁTRABJARGSSVÆÐIÐ
SAMHLIÐA DEILISKIPULAGSVINNU



Verndarráðstafanir við Látrabjarg og deiliskipulag svæðisins

Áfram var unnið að stofnun þjóðgarðs á Látrabjargi og er nú svo komið að búið er að hitta og ræða við meirihluta landeiganda sem telur yfir 100 manns. Umhverfisstofnun gerði samkomulag við landeigendur við Látrabjarg um að sinna landvörslu á svæðinu yfir sumartímann. Í kjölfarið var hafist handa við uppbyggingu á göngustígum á bjarginu þar sem álagið er mest vegna ágangs ferðamanna. Sjálfbóðaliðar Umhverfisstofnunar unnu með landvörðum að verkefninu þar sem lögð var áhersla á að valda sem minnstu raski, nota efnivið af svæðinu og láta göngustíginn falla vel að landslaginu. Ljóst er að ferðamönnum hefur á undanföllum árum fjölgað jafnt og þétt á svæðinu.

Stóra græna helgin

Vegna Big Green Weekend komu hingað m.a. tveir reyndir sjálfbóðaliðar frá Bretlandi og Þýskalandi. Þeir hafa unnið sem liðsstjórar sjálfbóðaliða á Íslandi í átta sumur í röð og eru orðnir sérfróðir um alls kyns aðgerðir í náttúruvernd og búa yfir dýrmætri kunnáttu sem Umhverfisstofnun vill varðveita.

Síðasta verkefni ársins var unnið í byrjun október þegar mjög fjölbreyttur hópur tók þátt í Stóru grænu helginni sem er alþjóðlegur viðburður. Þar komu saman sjálfbóðaliðar í náttúruvernd og létu gott af sér leiða. Þetta var í annað skipti sem Umhverfisstofnun tekur þátt í þessu samstarfi og í þetta sinn var óskað eftir íslenskum sjálfbóðaliðum í samstarfi við náttúruverndarsamtök á höfuðborgarsvæðinu.

Helgina 6.-7. október fór hópur sjálfbóðaliða úr Fuglavernd, Framtíðarlandinu, Landvernd og AUS, ásamt sjálfbóðaliðum starfsfólks Umhverfisstofnunar til Eldborgar í Bláfjöllum. Þar var unnið af krafti við að setja upp skilti, loka fyrir nokkra slóða með grjóti og afmarka bilastæði en stærsta verkefnið var þó að afmarka göngustíga með mosauppgræðslu.

Landslag var endurheimt með því að taka mosa af öðru svæði án þess að skaða landslagið. Mosinn var settur á bretti og fluttur til Eldborgar þar sem hann var settur á slóða sem hafði verið undirbúinn með grjóti sem komið var fyrir á staðnum til þess að mosinn næði að festast.

Við viljum þakka sjálfbóðaliðunum sem komu í Eldborg og vonum að þeir geti hjálpað okkur við að koma á hefð fyrir sjálfbóðaliðastarfi í náttúruvernd meðal Íslendinga til framtíðar.

Verndaráætlanir og ráðstafanir í Dyrhólaey

Síðla árs 2011 tók ráðgjafarnefnd fyrir Dyrhólaey til starfa. Líkt og með aðrar ráðgjafarnefndir er hlutverk nefndarinnar að vera Umhverfisstofnun til ráðgjafar um málefni svæðisins, m.a. til hvaða verndarráðstafana skuli grípa innan svæðisins til að viðhalda verndargildi þess. Nefndin hefur til þessa hist níu sinnum og hefur hún einnig komið að gerð verndaráætlunar fyrir svæðið. Í verndaráætluninni er m.a. fjallað um stefnumótun er varðar verndun og nýtingu svæðisins. Lögð er áhersla á opið og gagnsætt ferli en á umhverfisstofnun.is er hægt að nálgast öll helstu gögn og upplýsingar varðandi gerð verndaráætlunarinnar og einnig er hægt að fylgjast með framgangi verksins. Fulltrúar ráðgjafarnefndarinnar voru fimm árið 2012, þ.e. fulltrúi Umhverfisstofnunar, Ferðamálastofu, fulltrúi ábúenda í Dyrhólahverfi, fulltrúi Mýrdalshrepps og Náttúruverndarsamtaka Suðurlands.

Árið 2012 var eyjan lokað almenningi í eina viku meðan að gerðar voru ráðstafanir til að vernda tiltekin fuglavarpsvæði með því að aðgreina þau frá tilgreindum gönguleiðum. Þá var ákveðið að loka fyrir umferð upp á Háey meðan á varpi stóð en opið var inn á Lágey. Svæðinu var einnig lokað á kvöldin og um nætur. Það er mat Umhverfisstofnunar að fyrirkomulagið hafi heppnast vel og verður það endurmetið á vordögum hvort halda skuli sams konar fyrirkomulagi áfram árið 2013. Umhverfisstofnun fól um sumarið Náttúrustofu Suðurlands að vinna samanburðarrannsókn á ástandi fuglalífs á eyjunni milli 1999 og 2012. Helstu niðurstöður sýna að breytingar á fuglalífi á svæðinu eru svipaðar og á landsvísi en fækkun allra fuglategund í Dyrhólaey, utan æðarfugls, er talin tengjast samdrætti í sandsílastofninum. Orsakir fækkunar æðarfugls eru óþekktar.

Skömmu fyrir hádegi 24. maí 2012 féll stór skriða úr Kirkjuföruhömrum niður í Kirkjuföru í suðurhluta Dyrhólaeyjar. Tveir hollenskir ferðamenn féllu niður með skriðunni og slösuðust. Talið er líklegt að undangróftur bergsins sé vegna rofs sjávarbrims. Starfsmenn Veðurstofu Íslands fóru á staðinn til að kanna ástand og ástæður hrunsins og var það niðurstaða þeirra að hætta er á frekara hruni á tveimur tilgreindum svæðum innan friðlandsins. Stefir Umhverfisstofnun að því að setja upp öryggisgirðingar meðfram bjargbúninni strax á vormánuðum 2013.

Friðland Svarfdæla 40 ára

Þann 8. september 2012 voru 40 ár liðin frá því að Friðland Svarfdæla var stofnað. Friðland Svarfdæla var fyrsta friðlandið á Íslandi sem stofnað var eftir nýjum lögum um náttúruvernd og var stofnun þess jafnframt fyrsta friðun votlendis á Íslandi. Frumkvæði að stofnun friðlandsins áttu tólf landeigendur í neðanverðum Svarfaðardal sem lögðu fram land með tilheyrandi kvöðum. Tilgangurinn með stofnun friðlandsins var að vernda einstætt lífríki og koma í veg fyrir frekari framræslu og spjöll á landi og lífríki. Þetta þótti merkilegt á sínum tíma, sérstaklega þegar haft er í huga að árið 1972 fengu bændur umtalsverða ræktunarstyrki til að þurrka upp mýrlandi.

Friðlandið nær yfir 8 km² svæði í neðanverðum Svarfaðardal, meðfram bökkum Svarfaðardalsár frá sjó og fram að Húsabakka. Á þessu svæði skiptast á þurrir árbakkar og blautar mýrar með stararflóum, síkjum og gróðursælum seftjörnum. Lífríki svæðisins er afar fjölbreytt með votlendisgróðri og óvenju fjölskrúðugu fuglalífi.

Á síðustu árum hafa verið lagðir göngustígar með á annað hundrad upplýsingaskiltum um fuglalíf og gróðurfar í friðlandinu við Tjarnartjörn og Hrísatjörn.

Friðland Svarfdæla var fyrsta friðlandið á Íslandi sem stofnað var eftir nýjum lögum um náttúruvernd og var stofnun þess jafnframt fyrsta friðun votlendis á Íslandi.

Ef vel tekst til má gera ráð fyrir að unnið verði með samskonar fyrirkomulag á öðrum núverandi og væntanlegum verndarsvæðum

Á vormánuðum óskaði sveitafélagið Vesturbyggð eftir tilboði í gerð deiliskipulags fyrir Látrabjargssvæðið. Verkfræðistofan Baark var ráðin í verkefnið og í kjölfarið var skipaður samstarfshópur sem í sitja fulltrúar jarð- og lóðareigenda, fulltrúi Ferðamálasamtaka Vestur-Barðastrandasýslu ásamt fulltrúa Vesturbyggðar og Umhverfisstofnunar. Í sumar og í haust var farið í vettvangsferðir og rætt við landeigendur á staðnum og í vetur voru haldnir fjölmargir fundir með starfshópi og landeigendum sem eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu. Umhverfisstofnun vinnur að gerð verndaráætlunar fyrir Látrabjargssvæðið samhliða deiliskipulagsvinnu. Þetta er nýtt fyrirkomulag sem vonast er til að skili sér í skilvirkari vinnu og að útkoman verði betra deiliskipulag og verndaráætlun. Ef vel tekst til má gera ráð fyrir að unnið verði með samskonar fyrirkomulag á öðrum núverandi og væntanlegum verndarsvæðum. Áætlað er að deiliskipulagsvinnu ljúki í byrjun sumars 2013.

HAUSTIÐ 2012 HÉLT UMHVERFISSTOFNUN HUGMYNDASAMKEPPNI UM FRAMTÍÐARSÝN Á FERÐAMANNASVÆÐINU VIÐ GULLFOSS Í SAMVINNU VIÐ ARKITEKTAFÉLAG ÍSLANDS

Einnig hafa verið reist fuglaskoðunarhús og gerð útskot á vegum fyrir fuglaskoðara.

Í jaðri Friðlands Svarfdæla stendur Náttúrusetrið á Húsabakka sem var formlega sett á laggirnar 22. október 2009. Starfsemi setursins er þrjúþætt: fræðasetur, skólabúðir og ferða- og ráðstefnumiðstöð. Á Náttúrusetrinu hefur verið sett upp sýningin Friðland fuglanna þar sem fjallað er um þróunarsögu fugla, líffræði þeirra og eðlisfræði, tilhugalíf, fuglasöng, hreiðurgerð og farflug auk hlutverks fugla í íslenskrri menningu og þjóðtrú. Sýningin er sett upp með þarfir barna í huga en er bæði fróðleg, falleg og ekki síst skemmtileg fyrir alla aldurshópa.

Hugmyndasamkeppni: Umhverfi Gullfoss

Haustið 2012 hélt Umhverfisstofnun hugmyndasamkeppni um framtíðarsýn á ferðamannasvæðinu við Gullfoss í samvinnu við Arkitektafélag Íslands. Tilgangur og markmið með hugmyndasamkeppninni var að fá fram heildarsýn á allar samgöngur og móttökusvæði innan samkeppnissvæðisins sem leggja mætti til grundvallar framtíðaráformum um framkvæmdir á friðlandinu við Gullfoss. Hugmyndasamkeppnin var styrkt af Framkvæmdasjóði ferðamannastaða hjá Ferðamálastofu. Ákveðið var að hafa samkeppnina opna öllum: arkitektum, landslagsarkitektum og öðrum þeim er hafa áhuga á Gullfossi og friðlandinu við Gullfoss.

Aðdragandi að hugmyndasamkeppninni var m.a. sá að ár hvert kemur mikill fjöldi gesta, erlendra og innlendra, að skoða Gullfoss og nágrenni, og fer sá hópur ört vaxandi. Vegna þessa er á svæðinu mikill ágangur og árið 2010 var ferðamannasvæðið við Gullfoss eitt þeirra tíu svæða er sett voru á svokallaðan „rauðan lista“ yfir svæði sem Umhverfisstofnun taldi í hættu á að missa verndargildi sitt. Því var orðið mikilvægt að unnið yrði heildarskipulag af friðlandinu.

Í maí var skipaður stýrihópur til að undirbúa hugmyndasamkeppnina. Hópurinn skipuðu þau Kristín Salóme Jónsdóttir frá Umhverfisstofnun sem var formaður, Svavar Njarðarson fyrir hönd landeigenda og Pétur I. Haraldsson fyrir hönd Bláskógabyggðar. Stýrihópurinn skilaði af sér í þann 21. ágúst 2012 og þá hóf dómnefnd störf, en hana skipuðu Kristín, Svavar og Pétur ásamt Tryggva Tryggvasyni er tilnefndur var af Arkitektafélagi Íslands og Inga



Rut Gylfadóttir er tilnefnd var af Félagi Íslenskra landslagsarkitekta.

Hugmyndasamkeppnin hófst svo 26. september og var heitið verðlaunum, samtals allt að 2.700.000.00 kr. Skiladagur tillagna var 30. nóvember. Úrslit voru síðan tilkynnt 20. desember.

Tillagan er hlaut 1. verðlaun nefnist Aldir renna og höfundar hennar eru Eyrún Margrét Stefánsdóttir, arkitekt og María Björk Gunnarsdóttir, arkitekt. Um vinningstillöguna sagði m.a. í dómnefndarálit:

Keppendur hafa greinilega sett sig vel inn í staðhætti. Heildarsýn er ágæt og rökstudd með nákvæmri staðháttagreiningu. Keppendur sýna í tillögunni nákvæman og blæbrigðaríkan skilning á umhverfinu.

2. verðlaun hlaut tillagan Hringferð um Gullfoss og höfundar hennar eru þeir Bergur Thorsteinsson Briem, arkitekt, Thomas Thorsnes, arkitekt og Martin Smedsrud, arkitekt.

3. verðlaun hlaut tillagan Gullfoss og eru höfundar hennar þeir Birgir Þróstur Jóhannsson, arkitekt, Laurent Ney, verkfræðingur, Vincent Dister, verkfræðingur og Snæfríð Þorsteins, iðnhönnuður.

Í framhaldinu verður unnið að því hjá stofnuninni að undirbúa gerð deiliskipulags friðlands og ferðamannasvæðis við Gullfoss með vinningshöfum.

Kúluskítsflekki minnka verulega

Kúluskítur er sjaldgæft, hnöttótt vaxtarform grænþörungs sem nefnist vatnaskúfur (Aegagropila linnaei). Kúlurnar, sem flestar eru 12-15 cm í þvermál, liggja saman í flekkjum á botninum og mynda afar sérstæð samfélög sem aðeins þekkja á tveimur stöðum í heiminum, Akanvatni í Japan og í Mývatni.

Vatnaskúfurinn gegnir veigamiklu hlutverki í lífríki Mývatns því að hann skapar undirlag fyrir ýmis smádyr sem silungur og fuglar sækja eftir til átu. Eins framleiðir hann mikið af súrefni sem oft

er af skornum skammti niðri við vatnsbotninn. Hann er viðkvæmur fyrir breytingum á birtu, sem oftast má rekja til svifgróðurs í vötnum í kjölfar næringarefnaengunar.

Kúluskíturinn vex á þremur þekktum svæðum á botni Mývatns og er hvert um sig 0,5-2 hektarar að stærð. Hefur flatarmál stærsta flekksins minnkað mikið hin síðari ár af ókunnum orsökum. Kúluskíturinn liggur sums staðar í tveimur til þremur lögum, og þurfa mjög sérstök skilyrði að ríkja þar svo að þörungarnir fái þrífist. Talið er að þessi samfélagsgerð þörungsins byggist á óvenjulegu samspili strauma, setmyndunar, ölduhreyfingar, botngerðar og birtu. Uppeldisstöðvar kúluskíts eru enn lítt þekktar, en kúlurnar eru taldar berast í flekkina með straumum nærri fullskapaðar.

Lífríki Mývatns er vaktað af Rannsóknarmiðstöðinni Mývatni. Við leit sumarið 2011 kom í ljós að kúluskítur hefur fækkað verulega. Einungis fundust nokkrir kúluskítar á við og dreif. Hugsanlegt er að vindur hafi fært þekkta flekki til eða að þeir hafi tvístrast. Rannsóknir benda til að of lítil birta og of mikill eða lítill vindur hafi áhrif á kúluskítinn. Breytingar á stöðu kúluskíts geta verið af náttúrulegum orsökum og/eða áhrifum manna en óvitað er enn sem komið er hverjar orsakir fækkunarinnar eru.

Síðastliðið sumar fór fram ítarleg leit að kúluskít í Mývatni með fjarstýrðum kaþbáti. Það er Rannsóknarmiðstöðin að Mývatni sem hefur umsjón með leitinni. Einnig taka þátt í því verkefni Erla Björk Örnólfsdóttir, nýskipaður rektor háskólans á Hólum, og Isamu Wakana, einn helsti kúluskítsfræðingur í heimi, sem var á Mývatni í sumar. Þá fannst meira af kúluskítinum heldur en sumarið 2011.

Í ljósi alls þessa er mikilvægt að haldið verði áfram að vakta útbreiðslu, lífsferil, vöxt og viðgang kúluskíts og reynt verði að grafast fyrir um orsakir hinnar miklu fækkunar hans.

Olíutankur í Mývatni

Árið 2004 féll olíutankur í Mývatn í tengslum við starfsemi Kísilverksmiðjunnar sem þá var starfrækt við vatnið. Olíutankurinn var notaður til þess að fylla á pramma úti á vatninu. Tankurinn féll í vatnið þegar verið var að flytja hann í land eftir að fyllt var á prammann og var því lítil olía í tanknum. Gerð var ítarleg leit að tanknum með aðstoð kafara og málmleitarækja, vatnið var slægt og einnig leitað úr lofti en ekki fannst tankurinn. Á svæðinu þar sem talið er að tankurinn sé er 2-8 metra dýpi og vatnið gruggugt. Talið er líklegt að tankurinn hafi sokkið djúpt í kísilgúr eða fallið ofan í djúpa sprungu sem eru að finna víða í vatninu og að kísilgúr hafi fljótlega þakið hann. Landhelgisgæslan hefur lýst yfir áhuga á því að koma með sónartæki sem þeir eiga og skanna botn vatnsins með því, í von um að finna tankinn. Að þeirra sögn mun tankurinn finnast með græjuni sé hann enn í vatninu. Virkar tækið vel bæði staðsett í bát og einnig í gegnum ís. Því eru miklar vonir bundnar við að tankurinn finnist næsta haust. Þegar hann finnst verður staðan metin og ákvarðanir teknar um áframhaldið út frá ástandi tanksins og aðstæðum í kringum hann.

Umhverfisstofnun vann verndaráætlun fyrir verndarsvæði Mývatns og Laxár árið 2011. Í henni segir að mikilvægt sé að finna umræddan olíutank sem sökk í Ytriflóa árið 2004 þar sem lífríkinu gæti stafað ógn af innihaldi hans. Ef tankurinn finnst ekki verður gerð viðbragðsáætlun um aðgerðir ef hann fer að leka. Viðbragðsáætlun vegna mengunarslysa innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár er í smíðum og verður sérstaklega tekið tillit til tanksins í áætluninni. Málið sýnir fram á mikilvægi þess að gerðar séu verndaráætlanir fyrir öll friðlýst svæði á Íslandi þar sem farið er ítarlega yfir verndargildi svæða og þá hættu sem kann að steðja að viðkomandi svæðum.

Gerð var ítarleg leit að tanknum með aðstoð kafara og málmleitarækja, vatnið var slægt og einnig leitað úr lofti en ekki fannst tankurinn

Síðastliðið sumar fór fram ítarleg leit að kúluskít í Mývatni með fjarstýrðum kaþbáti

Tillagan er hlaut 1. verðlaun nefnist Aldir renna og höfundar hennar eru Eyrún Margrét Stefánsdóttir, arkitekt og María Björk Gunnarsdóttir, arkitekt



UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ 2008-2012

STUÐLA AÐ VERNDUN OG
SJÁLFBÆRRI NÝTINGU VILLTRA
DÝRASTOFNA



VILLTIR DÝRASTOFNAR

NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS ANNAST VÖKTUN OG RANNSÓKNIR Á HREINDÝRASTOFNINUM OG REIKNAR ÁRLEGA ÚT VEIÐIÞOL, HVE MÖRG DÝR ER ÆSKILEGT AÐ FELLA OG HVERT KYNJAHLUTFALL ER Í VEIÐINNI



Tillögur starfshóps um aukna vernd svartfugla

Í september 2011 skipaði umhverfisráðherra starfshóp til að gera tillögur um aðgerðir sem stuðlað geti að endurreisn svartfuglastofna (lunda, teistu, álku, langvíu og stuttnefju) hér við land og styrkja verndun og sjálfbæra nýtingu þeirra. Aðdragandi skipunar starfshópsins var brestur í varpi sjófugla og hrun í stofnum. Í starfshópnum voru skipaðir aðilar frá Fuglavernd, Bændasamtökum Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Skotveiðifélagi Íslands og Umhverfisstofnun undir formennsku umhverfisráðuneytis. Í skýrslu sem gefin var út leggur starfshópurinn áherslu á að hér við land sé einn stofn af hverri þessara tegunda þannig að staðbundin áhrif og breytingar hafa áhrif um allt land og á viðkomandi stofn hér við land. Tillögur starfshópsins miðuðu að endurreisn og verndun svartfuglastofnanna og það næðist með því að friða þá algjörlega fyrir veiðum og nýtingu næstu fimm árin. Einnig kom fram að mat starfshópsins væri að helsta orsök hnignunar væri fyrst og fremst fæðuskortur. Ekki var eining innan starfshópsins um aðgerðirnar og skilaði Umhverfisstofnun séráliti ásamt SKOTVÍS en fulltúi Bændasamtaka Íslands sagði sig úr hópnum þegar tillögur um friðun lágu fyrir.

Sérálit Umhverfisstofnunar var að veiðitími á langvíu, álku og stuttnefju yrði stytur og verði frá 1. október til 31. mars. Jafnframt lagði Umhverfisstofnun fram að tímabundið sölubann yrði sett á langvíu, álku og stuttnefju, einnig egg þessa tegunda, til ársins 2017 og að staðan yrði þá endurmetin m.t.t. veiða og sólu. Á þessu fimm ára tímabili yrði reynt að fylla upp í það þekkingargat sem er til staðar þannig að hægt verði að leggja mat á þróun stofnanna. Umhverfisstofnun lagði mikla áherslu á það að þær aðgerðir sem gripið verði til nái einnig yfir hlunnindaveiðar.

Veiðar á þessum tegundum eru um eða innan við 1% af stofnstærð og verður því að teljast að áhrif veiða séu mjög lítil. Umhverfisstofnun telur að með styttingu veiðitíma og sölubanni verði hægt að draga verulega úr veiðum, líkt og gert var með rjúpunna.

Hreindýraveiðar

Hér á landi eru hreindýraveiðar notaðar til stofnstærðarstjórnunar. Náttúrustofa Austurlands annast vöktun og rannsóknir á hreindýrastofninum og reiknar árlega út veiðiþol, hve mörg dýr er æskilegt að fella og hvert kynjahlutfall er í veiðinni. Með veiðunum skal stuðlað að sjálfbærri nýtingu stofnsins á skilgreindum veiðisvæðum. Útbreiðslusvæði hreindýra skiptist upp í níu veiðisvæði og miðað við að fjöldi dýranna fari ekki yfir eitt dýr á ferkílómetra. Reynt er að halda kynjahlutfalli þannig að það séu fjórir tarfar á hverjar sex kýr að hausti en það er það hlutfall sem fyrirfinnst í þeim stofnum sem ekki er veitt úr.

Á árinu var veitt heimild til veiða á 1009 hreindýrum, 588 kúm og 421 tarfi. Þetta var lítilsháttar fjölgun frá fyrra ári en þá voru veiðileyfin 1001. Umhverfisstofnun annast sölu hreindýraveiðileyfa og hefur umsjón með veiðunum á veiðitíma. Þegar veiðar hófust kom í ljós að nokkur færsla hafi orðið á hjörðum þannig að Umhverfisstofnun í samráði við Náttúrustofu Austurlands og Hreindýraráð færði hluta veiðiheimilda til milli samliggjandi svæða eins og heimild er fyrir.

Veiðitímabilið var óvenjulegt fyrir þær sakir að tekin voru upp lög þess efnis að veiðimaður þurfti að standast skotpróf áður en hann hélt til veiða. Þar sem reglugerð um skotprófin kom ekki út fyrr en um mánaðamótin maí/júní var mjög þröngur tími fyrir veiðimenn að taka prófið. Vegna þessa kom stærri hluti veiðileyfa til endurúthlutunar en áður og þegar upp var staðið náðist ekki að veiða allan kvótann. Í lok veiðitíma átti eftir að veiða 16 dýr, sjö tarfa og níu kýr.

Skotpróf vegna hreindýraveiða

Í júní 2010 var samþykkt breyting á lögum sem fól í sér að veiðimenn sem hyggjast fara til hreindýraveiða verða að standast skotpróf. Skotprófin komu fyrst til framkvæmda árið 2012 og virtust koma flatt upp á marga veiðimenn. Markmið prófsins er að kanna hæfni veiðimanna til að skjóta úr stórum riffli og ekki síður að menn kynnist veiðitækni sínu.

Skotprófið gengur út á að skjóta fimm veiðikúlum úr þeim riffli sem menn hyggjast fara með til veiða í 14 cm hring á 100 metra færi. Öll skotin verða að vera innan hrings eða snerta hann til að prófið teljist staðið og prófinu skal lokið á fimm mínútum. Um 22 framkvæmdaraðilar voru með skotpróf um land allt.

Alls voru um rúmlega 1550 próf tekin á þessum tíma sem þau stóðu yfir en tímabilið var framlengt vegna þess hve seint prófin fóru af stað fyrsta árið. Hávær fjölmiðlaumræða var um það í upphafi skotprófanna að fall á prófunum væri 30% sem var nokkuð nálægt lagi í fyrstu umferð. Líkt og sjá má á mynd 1 þá stóðust um 73% skotprófið í fyrstu tilraun. Heildarniðurstaða skotprófanna (ef þeir sem falla og hætta við fleiri próf eftir það eru teknir með) er sú að 94% af þeim sem tóku prófin náðu þeim í þeim þremur tilraunum sem í boði voru en þetta er sambærilegt við það sem þekkt er í Noregi. Einungis 2% af þeim sem fóru í prófin féllu í öllum tilraunum.

Dúfnaveislan

Á vormánuðum 2011 fór Umhverfisstofnun í samstarfsverkefnið „Dúfnaveislan 2011“ með Skotveiðifélagi Íslands (SKOTVÍS) og ýmsum félögum sem reka skotvelli auk styrktaraðila. Tilgangur Dúfnaveislunnar var að hvetja veiðimenn um land allt til að kynna sér þá aðstöðu sem skotvelli hafa upp á að bjóða, stunda reglulegar skotæfingar áður en veiðitímabilið hefst og undirbúa sig eins og best verður á kosið. Verkefnið var tilraunaverkefni en það vel tókst til að ákveðið var að endurtaka það árið 2012 með enn veglegri hætti.

Dúfnaveislan 2012 var haldin líkt og árið áður og hófst 1. júlí um allt land þar sem boðið var upp á leirdúfuskotfimi. Skotvelliirnir bjóða upp á margvíslegar þrautir, s.s. Skeet, Sporting og Trap auk annarra uppstillinga sem eru aðgengileg á ýmsum tímum. Dúfnaveislunni lauk formlega 31. ágúst og þetta árið voru skotnar í kringum 90 þúsund leirdúfur miðað við innsend kort og er því aukning frá því í fyrra. Hægt var að senda inn skorkort til að staðfesta

fjölda hringja sem voru farnir og taka þannig þátt í happdrætti. Seinkun varð á drættinum, en dregið var út 4. október. Alls voru dregnir út 13 veglegir vinningar úr innsendum kortum.

Umhverfisstofnun mun áfram koma að málum sem snúa að bættari veiðimeningu á Íslandi og halda áfram góðu samstarfi við SKOTVÍS í þeim efnum.

Umferð að arnarhreiðrum

Íslenski arnarstofninn hefur vaxið á undanföllum árum og telur nú um 69 pör. Haförninn er alfriðaður og nýtur sérstakrar verndar. Frá 15. mars til 15. ágúst er óheimilt að koma nær arnarhreiðrum en 500 m nema brýna nauðsyn beri til. Einnig er Umhverfisstofnun heimilt að veita undanþágu frá þessu banni að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, svo sem vegna myndatöku og rannsókna, enda sé sótt um undanþáguna fyrirfram. Umhverfisstofnun ber að setja skilyrði um umgang við hreiður.

Árið 2012 veitti Umhverfisstofnun sjö undanþágur til einstaklinga vegna ljósmyndunar á haförnum við hreiður. Einni umsókn um leyfi til að nálgast tvö arnarhreiður var hafnað á þeim forsendum að velferð fuglanna væri ógnað. Í öðru umræddra hreiðra komust engir ungar á legg síðasta ár og í hinu höfðu ungar ekki komist á legg síðustu fjögur ár. Ekki var tekin afstaða til þess hvort að truflun af mannavöldum eða annað hafi valdið misbrestri í varpi, enda mjög erfitt að dæma þar um.

Árið 2012 var arnarvarpið með slakasta móti en væntanlega hefur kuldakastið í fyrri hluta maí átt mestan þátt í því. Þetta er annað árið í röð þar sem arnarvarp gengur illa. Að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands eru þó góðar horfur með arnarstofninn til lengri tíma lítið þar sem stofninn er í vexti og nokkur pör hafa helgað sér óðul á nýjum stöðum eða tekið sér bólfestu á fornum setrum.

Verkefnið var tilraunaverkefni en það vel tókst til að ákveðið var að endurtaka það árið 2012 með enn veglegri hætti

Ekki var eining innan starfshópsins um aðgerðirnar og skilaði Umhverfisstofnun séráliti ásamt SKOTVÍS en fulltúi Bændasamtaka Íslands sagði sig úr hópnum þegar tillögur um friðun lágu fyrir



UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ 2008-2012

KYNNA RÉTT ALMENNINGS TIL AÐ
NJÓTA ÚTIVISTAR Í NÁTTÚRUNNI
OG MEÐ ÞVÍ BÆTA OG TRYGGJA
LYÐHEILSU LANDSMANNA



ÚTIVIST OG BÆTT LÝÐHEILSA LANDSMANNA

MEGINTILGANGUR ÞESS AÐ BJÓÐA UPP
Á DAGSKRÁ ER AÐ VIRKJA GESTI OG EKKI
SÍST ÍBÚA Á SVÆÐINU TIL AÐ NÝTA SÉR
VERNDARSVÆÐIÐ TIL ÚTIVISTAR



Barnahelgi í Vatnsfirði

Um verslunarmannahelgina var haldin barnahelgi í friðlandinu Vatnsfirði. Landverðir Látrastofu skipulögðu fjölbreytta dagskrá frá föstudegi til sunnudags sem var sérstaklega ætluð barnafjölskyldum. Boðið var upp á:

- Sögustund við Gíslahelli þar sem sagt var frá ævintýrum Gísla Súrssonar en talið er að hann hafi dvalið í samnefndum helli eftir að hann var dæmdur í útleð.
- Göngu um fjörur friðlandsins þar sem margbreytileg náttúra og lífríki fjörunnar var skoðuð.
- Ratleik með vísbindingum um náttúru og sögu svæðisins.
- Lautarferð við Lómatjörn með landverði sem var með kiki og fuglabók og vísaði á fugla sem dvelja í friðlandinu yfir sumarið.

Einnig var boðið upp á fjölskylduferðir í náttúruvættið Surtabrandsgil sem er í nágrenni friðlandsins. Þar er að finna steingerðar leifar gróðurs sem klæddu landið á tertíer-tímabilinu. Stefnt er að því að gera barnahelgi í Vatnsfirði að árvissum viðburði.

Megintilgangur þess að bjóða upp á dagskrá er að virkja gesti og ekki síst íbúa á svæðinu til að nýta sér verndarsvæðið til útivistar. Vatnsfirður hefur upp á margt að bjóða, búið er að merkja fjölda gönguleiða og stefnt er að því að setja upp fræðslu- og upplýsingaskilti í náninni framtíð. Landvörður stofnunarinnar í Vatnsfirði hefur einnig umsjón

með náttúruvættinu Surtabrandsgili en þangað er einungis leyfilegt að fara með leyfi landeiganda eða í fylgd landvarða. Yfir sumartímamann eru skipulagðar gönguferðir í gilið, fimm sinnum í viku með landverði.

Dagur villtra blóma

Á hverju ári er haldið upp á sameiginlegan dag villtra blóma á Norðurlöndum. Hér á landi var fyrst haldið upp á daginn árið 2004 og buðu flóruvínir víða um land upp á fræðslu- og skemmtigöngu um náttúru Íslands. Landverðir Umhverfisstofnunar bjóða upp á plöntuskoðun á verndarsvæðum víða um land í tilefni dagsins sem er alltaf á sunnudegi um miðjan júní. Tilgangurinn með þessum degi er fyrst og fremst að efla tengsl almennings við náttúruna, veita fræðslu um flóru landsins og virkja fólk til að njóta útivistar í íslenskri náttúru. Þátttaka er ávallt án endurgjalds og fjöldi þátttakenda hverju sinn fer svolítið eftir veðri og vindum.

Í sumar var boðið upp á fræðslugöngu í friðlandinu á Búðum sem er í umsjón Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og tóku landverðir á móti gestum við Búðakirkju. Á sama tíma voru landverðir á Látrastofu með göngu í Breiðavík við Látrabjarg. Í gönguferðunum, sem tóku um tvær klukkustundir, voru plöntur greindar með aðstoð plöntuhandbókar ásamt því hvernig plöntur voru og eru nýttar til lækninga og matargerðar.

Þá var sagt frá Þjóðsögum og hjátrú sem tengjast fjölmörgum íslenskum plöntum.

Alþjóðadagur landvarða

Alþjóðadagur landvarða er 31. júlí ár hvert. Dagurinn er haldinn til að minnast þeirra mörgu landvarða sem hafa látist eða slasast við skyldustörf. Þó landvarðarstarfið hér á landi teljist almennt ekki vera hættulegt leggja landverðir sig víða annars staðar í heiminum í lífshættu við að vernda náttúru og lífríki landa sinna. Einnig er þessi dagur haldinn hátíðlegur til að fagna starfi landvarða um allan heim við að vernda náttúru- og menningarleg verðmæti heimsins. Á Íslandi hafa landverðir haldið upp á daginn með því að bjóða almenningi í fræðslu- og skemmtigöngu á starfsvæðum sínum.

Í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli buðu landverðir upp á gönguferð frá Arnarstapa að Hellnum. Á leiðinni voru sagðar sögur af draugum og ýmsum verum annarra heima. Í lok ferðar var stiklað á stóru í sögu landvarðafélagsins og skálað í ölkelduvatni fyrir landvörðum í gestastofu Þjóðgarðsins. Landverðir Látrastofu buðu upp á sönggöngu um brúnir Látrabjargs þar sem göngumenn voru fræddir um náttúru- og menningarsögu svæðisins og rífaðir upp gamlir tímar.

Að tjalda

Í lögum um náttúruvernd er kveðið á um þá meginreglu að heimilt er að slá upp tjaldi hvort sem er á landi í einkaeigu eða á Þjóðlendur og þarf ekki að leita sérstakrar heimildar til þess. Ákveðin skilyrði eru þó sett fyrir þessu í lögnum eða leiða af öðrum ákvæðum. Þar á meðal takmarkanir hvað varðar tjöldun á ræktunarlandi og ef landeigandi hefur sett upp sérstakt svæði til tjöldunar gegn greiðslu, svo eitthvað sé nefnt.

Að öðru leyti er rétt að hafa í huga að um tiltekin landsvæði geta gilt sérstakar reglur um tjöldun. Á það einkum við um friðlýst svæði, svo sem friðlönd og Þjóðgarða. Rétt er að kynna sér reglur sem gilda á slíkum svæðum standi til að fara um þau. Þá er kveðið á um sérstök sjónarmið sem gilda um skipulagðar hópferðir í atvinnuskyni og ættu þeir sem skipuleggja slíkar ferðir að huga sérstaklega að því að hafa verður samband við landeiganda eða rétthafa sé áformað að tjalda á landi viðkomandi sem hluti af slíkri ferð.

Í náttúruverndarlögum eru notuð tvö hugtök yfir tjöld sem heimilt er að tjalda samkvæmt reglum almennaréttar. Er annars vegar talað um hefðbundin viðlegutjöld og hins vegar er talað um göngutjöld. Í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum kemur fram að með hefðbundnu viðlegutjaldi sé átt við smærri tjöld sem fólk hefur vanalega með

Í lögum um náttúruvernd er kveðið á um þá meginreglu að heimilt er að slá upp tjaldi hvort sem er á landi í einkaeigu eða á Þjóðlendur og þarf ekki að leita sérstakrar heimildar til þess

LÓGÓIÐ ICV PRÓGRAMMIÐ SEM
SJÁLFBÓÐALIÐI HANNAÐI FYRIR
NOKKRUM ÁRUM © CLAIR AMY
FRANKLIN 2007.



Þó að hugtakið alfaraleið sé ekki skilgreint sérstaklega í lögnum má ætla að almennt séu svæði utan alfaraleiðar ekki aðgengileg vélknúnum ökutækjum með hliðsjón af banni við akstri utan vega

sér á ferðalögum. Verður að reikna með því að skýra megi hugtakið nokkuð rúmt og hugsunin sé fyrst og fremst sú að heimildin nái ekki til samkomu- eða sirkustjalda svo dæmi séu tekin. Ekki er í greinargerð að finna neina nánari skýringu á því hvað við er átt með göngutjaldi. Verður af samhengi greinarinnar að álykta sem svo að átt sé við viðlegutjald sem er ekki stærra en svo að hægt sé með góðu móti að ferðast með það fótgangandi. Ræðst greinarmunurinn líkast til af því að í viðkomandi ákvæði er kveðið á um tjöldun utan alfaraleiðar. Þó að hugtakið alfaraleið sé ekki skilgreint sérstaklega í lögnum má ætla að almennt séu svæði utan alfaraleiðar ekki aðgengileg vélknúnum ökutækjum með hliðsjón af banni við akstri utan vega. Af þeim sökum sé í lögnum rætt um göngutjöld í þessu samhengi.

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til nýrra laga um náttúruvernd. Er þar að finna kafla um almennarétt og er fjallað um tjöldun í honum. Skemmst er frá því að segja að í fyrirleggjandi frumvarpi er ekki gert ráð fyrir breytingu á meginreglunni um heimild til að tjalda, eða verulega hreyft við þeim skilyrðum eða undantekningum sem gilda í dag. Þó er í frumvarpinu að finna eitt nýmæli hvað þetta varðar sem er sérstök regla um ferðavagna og húsbíla, enda hefur notkun slíkra gistikosta aukist verulega frá því að núgildandi lög voru sett og því ástæða til að skýra reglur þar um. Að auki eru nokkur hugtök núgildandi laga skilgreind sem ekki voru það áður, eða þá að hugtök eru skilgreind að nýju og getur það leitt til minniháttar breytinga á túlkun reglna í einhverjum tilfellum. Einnig er lagt til að heimild landeiganda til að banna umferð um afgirt og óræktað land í byggð, og þar með tjöldun á því, er bundin því skilyrði að bannið sé nauðsynlegt vegna ræktunarhagsmuna. Einnig er lagt til að heimild landeiganda til að banna umferð um afgirt og óræktað land í byggð, og þar með tjöldun á því, er bundin því skilyrði að bannið sé nauðsynlegt vegna ræktunarhagsmuna. Ljóst er að heilt yfir er ekki verið að þrengja þann rétt sem almenningi er tryggður í núgildandi lögum.

Grænt sumar hjá UST

Eins og flestir vita hefur Umhverfisstofnun rekið verkefni sjálfbóðaliðastarfs í náttúruvernd frá upphafi stofnunarinnar. Hluti af þessu starfi hefur verið unninn í samstarfi við sjálfbóðaliðasamtök en langtíma-sjálfbóðaliðar eru ráðnir beint af stofnuninni.

Árið 2012 voru unnir 2.255 vinnudagar hjá Umhverfisstofnun (451 mannvikur) á 30 svæðum um allt land, frá Hornströndum til Lónsöræfa,



Mynd 1: Big Green Weekend - hópur í Eldborg í Bláfjöllum © Ólafur A. Jónsson 2012.

frá Reykjanesi til Ásbyrgis, frá Snæfellsnesi til Kverkfjalla. Meginpartur þeirrar vinnu var af hálfu 164 einstaklinga sem komu sérstaklega til landsins og unnu mikilvægt starf í þágu náttúrunnar. Við viljum þakka þeim sérstaklega fyrir óeigingjarnt starf.

Við hjá Umhverfisstofnun viljum líka þakka landvörðum okkar og einnig landvörðum Vatnajökulsþjóðgarðs, Ferðafélags Íslands, Útivistar, skógarvörðum Skógræktarfélag Reykjavíkur og Skógrækt ríkisins fyrir samstarfið og samveruna.

Á síðasta ári tókum við einnig á móti sjálfbóðaliðahópi háskólanema frá Bandaríkjunum og 27 manna hópi frá Spáni. Það fólk vann mjög vel og af mikilli ástríðu.

Árið 2012 unnu sjálfbóðaliðarnir í fyrsta skipti í Hrauni í Öxnadal og hafa verkefni á friðlýstum svæðum á höfuðborgarsvæðinu (Laugarás, Eldborg í Bláfjöllum) og í Reykjanesfólkvangi aukist.

Þess vegna tekur Umhverfisstofnun þátt í námskeiði í göngustígagerð sem Hólaskóli skipuleggur í maíbyrjun ár hvert. Umhverfisstofnun tók einnig þátt í alþjóðlegu verkefni sem ber heitið „Volunteer Management in European Parks“ ásamt systurstofnunum í Europarc Federation.

Árið 2012 var hafist handa við að endurnýja vefsíðuna www.icv.is og þar er hægt að nálgast ítarlegri upplýsingar um starfið.



Mynd 2: Mosauppgræðsla við Eldborg © René Biasone 2012.



Mynd 3: Tveir sjálfbóðaliðar í Eldborg í Bláfjöllum © René Biasone 2012



Mynd 4: Afmörkun göngustígs í Vatnajökulsþjóðgarði © Benjamin Hoheman, 2012.



Mynd 5: Nemendur frá Eckerd College, Florida, í sjálfbóðaliðastarfi vorið 2012 © Eckerd College 2012



Mynd 6: Sjálfbóðaliðar vinna við að búa til ræsi með grjóti, við Dynjanda © Benjamin Jacobs 2012.



Mynd 7: Tveir sjálfbóðaliðar á hálendinu við Vatnajökulsþjóðgarð © Benjamin Jacobs 2012.



UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ 2008-2012

VISTKERFISNÁLGUN VERÐI BEITT
VIÐ HEILDSTÆÐA STJÓRNUN Á
UMHVERFI Í VATNI OG HAFI



MÁLEFNI HAFS OG VATNS

UMHVERFISSTOFNUN ER FALIÐ
SAMRÆMINGARHLUTVERK Í SAMRÁÐI VIÐ
MENGUNARVARNARÁÐ HAFNA Í ÞVÍ SKYNI AÐ
GERA VINNUBRÖGÐ OG VIÐBRÖGÐ VIÐ ÓHÖPPUM
MARKVISSARI




Breytingar á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda

Lögin gera ráð fyrir að settar verði ítarlegri heimildir í reglugerð um flokkun hafna eftir umfangi þeirra, tiltækan mengunarvarnabúnað, rekstur hans og notkun

Alþingi samþykkti á vormánuðum 2012 mikilvægar breytingar á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þær miðuðu að því að styrkja framkvæmd mála vegna bráðamengunar á sjó og tryggja að brugðist sé við á viðeigandi hátt þegar bráðamengun verður, einkum í höfnum. Lögin gera ráð fyrir að settar verði ítarlegri heimildir í reglugerð um flokkun hafna eftir umfangi þeirra, tiltækan mengunarvarnabúnað, rekstur hans og notkun. Loks er í lögnum gerðar breytingar á ákvæðum er varða upplýsingagjöf og samvinnu eftirlitsaðila, stjórn á vettvangi og viðbragðsáætlanir.

Í framhaldi af lagasetningunni var í nóvember sett ný reglugerð um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda. Í reglugerðinni er nánar kveðið á um framkvæmd þeirra atriða sem tilgreind eru í lögnum. Meðal helstu nýmæla má nefna að í stað fimm svæðisráða kemur eitt ráð sem starfar á landsvísi, svokallað mengunarvarnaráð hafna, sem ætlað er að styrkja eftirlit og viðbrögð, ekki síst hvað varðar æfingar og búnað. Umhverfisstofnun er falið samræmingarhlutverk í samráði við mengunarvarnaráð hafna í því skyni að gera vinnubrögð og viðbrögð við óhöppum markvissari. Þá er mælt fyrir um lágmarksmengunarvarnabúnað sem skal vera tiltækur í hverri höfn og skyldu hvernig hafnar að eiga slíkan búnað og sjá til þess að honum sé viðhaldið og hann tilbúinn til notkunar þegar á reynir.

Breytingarnar eru tilkomnar vegna óska Hafnasambands Íslands um endurskoðun á skipulagi viðbragða vegna bráðamengunaróhappa innan hafnarsvæða.



Betur fór en á horfðist

Í kjölfar strands Wilson Muuga við Hvalsnes á Reykjanesi í desember 2006 var bætt úr öryggi siglinga fyrir Reykjanes og við Suðurströndina með því að skilgreina svæði sem skipum bæri að forðast og koma á aðskildum siglingaleiðum fyrir skip sem sigla fyrir Reykjanes. Alþjóðsiglingamálastofnunin (IMO) samþykkti tillögur íslenskra stjórnvalda haustið 2007 og síðan 2008 hafa skip siglt dýpra (fjær ströndum) fyrir Reykjanesið og fylgt ákveðnum siglingaleiðum.

Þann 16. febrúar 2012 tóku varðstjórar í stjórnstöð Landhelgisgæslu Íslands eftir því að flutningaskipið Brúarfoss var komið á rek þar sem það var statt á hinn nýju siglingaleið út af Garðskaga, um það bil sex sjómílur frá landi. Haft var samband við skipið og kom þá í ljós að um vélarvandamál var að ræða.

Veður var slæmt, vestanstormur og ölduhæð um sjö metrar. Haft var samband við varðskipið Ægi og nærstödd skip til að aðstoða ef þörf væri á því. Strandir Reykjanesskaga eru viðkvæm og mikilvæg svæði, m.a. fyrir fuglalíf þar sem umhverfisáhrif af mengunaróhappi geta hæglega verið alvarleg.

Brúarfoss rak í átt að landi frá því um klukkan þrjú um nóttina og fram undir morgun en vélin fór aftur í gang um kl. 5:30 og var skipið þá statt um tvær sjómílur frá landi.

Betur fór en á horfðist og víst má telja, að ef aðgerðir stjórnvalda til þess að ýta skipum lengra frá ströndum hefðu ekki komið til, hefði Brúarfoss endað uppi í fjöru. Þrátt fyrir hæfa skipsstjórnendur og góð skip geta óhöpp orðið og því er allur varinn góður.

Tilnefnd til verðlauna

Framkvæmdaáætlun Íslands um varnir gegn mengun sjávar frá landi (frá 2001) var tilnefnd til svokallaðra Framtíðarstefnuverðlauna samtakanna World Future Council, sem árið 2012 voru veitt fyrir bestu stefnumörkun fyrir haf og strandir. Til verðlaunanna var stofnað í samstarfi við nokkrar stofnanir Sameinuðu þjóðanna.

Framkvæmdaáætlun Íslands var unnin hjá Hollustuvernd ríkisins (nú Umhverfisstofnun) í kjölfar þess að árið 1985 samþykktu í Washington 114 þjóðir alþjóðlega framkvæmdaáætlun um að draga úr mengun sjávar frá landstöðvum. Samþykktin markaði tímamót í baráttunni gegn mengun hafsins enda eiga um 80% af henni uppruna sinn á landi.

Stefnumótun Íslands vakti allnokkra athygli víða um heim og var verkefnið kynnt á nokkrum alþjóðlegum fundum í Evrópu, Kanada og í Ástralíu. Árið 2006 gaf umhverfisráðuneytið út skýrslu um stöðu framkvæmdaáætlunarinnar.

Alls var 31 stefnumörkun frá 22 ríkjum tilnefnd til verðlauna en það voru Lýðveldið Palá, Filippseyjar og Namibía sem unnu til verðlaunanna að þessu sinni.

Verndun hafsins í brennidepli

Árið 2012 tók Umhverfisstofnun þátt í Hátið hafsins í fyrsta sinn. Sett var upp sýning í tjaldi á Grandagarði þar sem ýmis konar fræðsluefni um málefni hafsins var til sýnis. Meðal annars var kynnt hvaða áhrif rusl getur haft á lífríki hafsins og hvers vegna mikilvægt er að við hendum ekki rusli á víðavangi og á götum úti. Einnig var sýndur mengunarvarnabúnaður sem nýttur er þegar olíuóhapp á sér stað og sýnt hvernig ísogsefni hreinsa olíu úr sjó/vatni.

Kjölfestuvatn gegnir mikilvægu hlutverki við stjórnun og öryggi skipa. Með aukinni skipaumferð hefur hættan á því að sjávarlífverur flytjist á milli hafsvæða með kjölfestuvatni vaxið. Flutningur lífvera með kjölfestuvatni og á skipsskrokki er nú talin vera ein mesta ógnin við lífríki hafsins og er talið að a.m.k. 7.000 tegundir lífvera flytjist á milli staða með þessum hætti á hverjum degi. Mögulegt er að þessar tegundir nái fótfestu í nýjum heimkynnum og hafi þar skaðleg áhrif á lífríki. Ísland hefur sett sérstaka reglugerð um losun kjölfestuvatns sem setur skyldur á skipaútgerðir og er til mikilla bóta til verndar lífríki hafsins. Áður voru engar reglur hvað þetta varðar. Eins og með

Samþykktin markaði tímamót í baráttunni gegn mengun hafsins enda eiga um 80% af henni uppruna sinn á landi



MARKMIÐ OG VERKEFNI ÁRSINS 2012

SKIPUM SEM KOMA TIL HAFNAR Á ÍSLANDI BER AÐ SKILA ÚRGANGI Í LAND OG ER Í HVERRI HÖFN SKYLT AÐ VIÐUNANDI MÓTTÖKUAÐSTAÐA SÉ FYRIR ÞANN ÚRGANG SEM GERA MÁ RÁÐ FYRIR AÐ ÞANGAÐ BERIST

margar aðrar reglugerðir um mengun frá skipum er ábyrgð á eftirliti með framkvæmd reglugerðarinnar deilt milli Umhverfisstofnunar, Siglingastofnunar Íslands og Landhelgisgæslu Íslands.

Auk þess að kynna sér fræðsluefni um málefni hafsins gátu gestir á sýningu Umhverfisstofnunar á Hátíð hafsins spreytt sig á getraun um niðurbrot ýmissa hluta sem eru hluti af daglegu lífi vel flestra Íslendinga. Vel þótti takast til og er ætlunin að Umhverfisstofnun haldi áfram þátttöku í hátíðinni.

Móttaka úrgangs frá skipum

Skipum sem koma til hafnar á Íslandi ber að skila úrgangi í land og er í hverri höfn skylt að viðunandi móttökuaðstaða sé fyrir þann úrgang sem gera má ráð fyrir að þangað berist. Árið 2010 gerði Siglingaöryggisstofnun Evrópu (EMSA) úttekt á hafnaradstöðukerfi á Íslandi m.t.t. þess hvort það uppfyllti kröfur Evrópusambandsins. Siglingaöryggisstofnun Evrópu gerði nokkrar athugasemdir, meðal annars þær að engar áætlanir hafna um móttöku og meðhöndlun úrgangs hafi verið staðfestar.

Umhverfisstofnun vann að því í samvinnu við hafnaryfirvöld að hafnir á landinu ynnu áætlanir um móttöku og meðhöndlun úrgangs. Markmiðið er að tryggja viðunandi móttökuaðstöðu í höfnum og draga úr losun úrgangs í sjó frá skipum. Í áætlunum eru meðal annars upplýsingar um þá móttökuaðstöðu sem er í höfnum, tegund úrgangs sem tekið er á móti, gjaldtöku og hver sé ábyrgur fyrir framkvæmd viðkomandi áætlunar.

Umhverfisstofnun fór fram á það við 44 rekstraraðila hafna að skila inn áætlunum um móttöku og meðhöndlun úrgangs fyrir samtals 83 hafnir. Viðbrögð voru almennt góð en þó brugðust ekki allir við. Þeim rekstraraðilum hafna sem í júlí höfðu ekki skilað inn áætlun var sent bréf um að Umhverfisstofnun áformaði að veita rekstraraðila áminningu. Var þessum aðilum veittur frestur til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og til að skila inn áætlun. Í september 2012 veitti Umhverfisstofnun síðan áminningu þeim níu rekstraraðilum sem þrátt fyrir fyrri tilmæli höfðu enn ekki sent inn áætlun.

Í lok árs 2012 höfðu Umhverfisstofnun borist áætlanir sem taka til alls 68 hafna, þ.m.t. flestra stærri viðskiptahafna. Af þeim höfðu áætlanir fyrir 46 hafnir verið staðfestar en áætlanir fyrir 22 hafnir voru í endurskoðunarferli. Fjöldi áætlana er þó nokkru minni en fjöldi hafna þar sem heimilt er að gera sameiginlega áætlun fyrir stærri svæði með þátttöku hvarrafhafnar að því tilskildu að gerð sé sérstaklega grein fyrir hverri höfn í áætluninni. Komið hefur í ljós að ekki er þörf á áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa fyrir fjórar hafnir, þ.e. Landeyjahöfn, Haganesvíkurhöfn, Garðshöfn og Örlýgshöfn. Herjólfur er eina skipið sem siglir til Landeyjahafnar, en öllum úrgangi er skilað í land í Vestmannaeyjum. Í Garðshöfn, Haganesvíkurhöfn og Örlýgshöfn er engin starfsemi.

Áfram verður unnið að staðfestingu áætlana um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa þar til staðfestar hafa verið áætlanir er taka til allra starfandi hafna á landinu.

Norræn ráðstefna og vinnubúðir

Umhverfisstofnun hafði umsjón með norrænni ráðstefnu um innleiðingu vatnatilskipunar með nýrri löggjöf um stjórn vatnamála sem var haldin á Grand Hótel dagana 26.-28. september 2012. Var hún sú fimmta í röð sambærilegra ráðstefna á Norðurlöndum. Sérfræðingum frá Írlandi og Skotlandi var einnig boðið að taka þátt. Ráðstefnuna sóttu um 75 manns, þar af um 55 erlendir gestir, og samanstóð hópurinn af helstu sérfræðingum á sviði verndunar vatns á Íslandi, hinum Norðurlöndunum, Írlandi og Skotlandi. Ráðstefnan stóð yfir í tvo og hálfan dag og var í formi fyrirlestra, vinnubúða og umræðna auk þess sem hinum erlendu gestum voru sýnd margvísleg dæmi um vernd og nýtingu vatns í sérstakri vettvangs- og kynningarferð.

Fulltrúar Íslands kynntu íslenskan vatnaveruleika, vatn frá jökklum til sjávar, jarðhitaauðlindir, vatnsaflsvirkjanir og stjórnun þeirra, jarðhræringar og flóð af þeirra völdum ásamt einkennum lífríkis íslenskra vatna.

Á ráðstefnunni fór fram samanburður á því hvernig verkefnum sem tengjast innleiðingu vatnatilskipunar vindur fram og hve mikið fjármagn löndin hafa



Mynd: Á kynningarfundum í ráðgjafarnefndum í Reykjavík 16. ágúst 2012.

til ráðstöfnunar við innleiðinguna. Einnig var fjallað um aðgerðir til að minnka áhrif vatnsaflsvirkjana, mengunarupsprettna og fleiri þátta á vatn sem tengjast athöfnum og starfsemi manna. Auk þess var fjallað um stöðu vistfræðilegrar flokkunar vatna í löndunum. Í því sambandi var ákveðið að stofna norrænan verkefnishóp, með þátttöku Íra og Skota, um flokkun vatna þar sem þessi lönd deila sameiginlegu hafsvæði, Norður-Atlantshafinu.

Stefnt er að því að framsetning upplýsinga um vatn hér á landi verði notendavæn og aðgengileg almenningi. Horft er til samstarfs Norðmanna og Svía í þeim efnum. Ráðstefnan heppnaðist afar vel í alla staði og fékk undirbúningshópur ráðstefnunnar mikið hrós fyrir sína vinnu.

Stjórn vatnamála

Eftir allnokkurn undirbúningstíma hefur vinna við nýtt stjórnkerfi vatnamála farið á fullan skrið á árinu 2012. Stjórn vatnamála er ætlað að tryggja heildstæða verndun vatns og vistkerfis þess og sjálfbæra nýtingu vatns. Fara skal í aðgerðir til að bæta eða viðhalda ástandi vatns með þeim fyrirvara þó að ekki halli á

hag íbúa og að kostnaður verði ekki óhóflega mikill. Stjórn vatnamála er samvinnuverkefni stjórnvalda, Vatnaráðs, stofnana, sveitarfélaga, hagsmunaaðila og almennings.

Umhverfisstofnun heldur utan um verkefnið. Meginmarkmið stofnunarinnar í þeirri vinnu er að tryggja opin samskipti, gagnsætt ferli og samráð við framangreinda aðila. Í því skyni var á árinu unnið að tveimur megin skjölum sem marka skilgreinda áfanga á þeirri leið. Bæði skjölin fóru í opinbera kynningu. Annars vegar var kynnt áfanga- og verkáætlun sem síðan var gefin út í október 2012. Í áætluninni er fjallað um innleiðingartímabil stjórnar vatnamála, 2011-2015, og gerð vatnaáætlunar sem gildir fyrir árin 2016-2021. Áfanga- og verkáætlun var í kynningu frá 3. nóv. 2011 til 2. maí 2012. Efnislegar athugasemdir við áætlunina komu frá nokkrum aðilum og var endanleg áætlun unnin með hliðsjón af þeim. Hins vegar voru í lok árs kynnt drög að stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands eftir viðamikili samráðs- og gagnasöfnunarferli á árinu þ.á.m. í gegnum svonefndar vatnasvæðisnefndir um allt land.

Eftir allnokkurn undirbúningstíma hefur vinna við nýtt stjórnkerfi vatnamála farið á fullan skrið á árinu 2012

Loftslagsbreytingar – hvað get ég gert?

Að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda þarf ekki að þýða að draga þurfi úr lífsgæðum, en við þurfum að gera eitt og annað aðeins öðruvísi en hingað til. Framtíðin verður að innihalda nýja matseðla, orkusparnað í heimilishaldinu, breyttan ferðamáta, orkunýtnari ökutæki og minni losun gróðurhúsalofttegunda á ferðalögum. Tækninýjungar og -umbætur

hjúlp okkur áleiðis að markmiðunum en það þarf meira til. Breyttir lífshættir og neysluvenjur geta bætt lífsgæði okkar allra til framtíðar. Höfum í huga að enginn getur gert allt en allir geta gert eitthvað!

Innkaup á neysluvörum eru líklega sá þáttur heimilishaldsins sem hefur hvað mest gróðurhúsaáhrif. Vegna legu landsins, fámennis og veðurfars eru flestar vörur sem við neytum framleiddar erlendis og fluttar langar leiðir. Losun

gróðurhúsalofttegunda vegna þessa teljast ekki með í losunarbókheldi Íslands vegna loftslagssamningsins en áhrifin eru hnattræn og á okkar ábyrgð samt sem áður. Breytum neyslumynstrinu úr því einstreymisferli hráefna í ruslahauginn sem hefur tíðkast of lengi og nýtum verðmætin betur. Drögum úr óþarfa neyslu, endurnýtum og endurvinnum!

Munum forgangsröðina: **Nota minna, endurnota, endurvinnna!**

Umhverfisstofnun hafði umsjón með norrænni ráðstefnu um innleiðingu vatnatilskipunar með nýrri löggjöf um stjórn vatnamála



Vatnasvæðanefndir og ráðgjafarnefndir

Á Íslandi starfa fjórar vatnasvæðanefndir, ein á hverju vatnasvæði. Hlutverk nefndanna er að samræma vinnu og afla upplýsinga í stöðuskýrslu, vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun og að vera rannsóknarstofnunum til ráðgjafar vegna verkefna sem snerta vatnasvæðin. Vatnasvæðanefndirnar hófu störf í janúar 2012.

Helstu verkefni vatnasvæðanefnda árið 2012 var að afla upplýsinga fyrir álagsgreiningu og drög að stöðuskýrslu um vatnasvæði Íslands, um helstu umhverfisvandamál, mengunarvalda, mengunarvarnir og aðgerðir í umhverfismálum. Alls hélt Umhverfisstofnun fjóra kynningarfundir fyrir nefndirnar í byrjun árs 2012, einn í hverri nefnd, og voru síðan alls 13 vinnufundir í nefndunum, yfirleitt 3-4 vinnufundir á hverju svæði.

Tvær ráðgjafarnefndir fyrir landið allt voru skipaðar í maí 2012 og hófu störf í ágúst sama ár

Tvær ráðgjafarnefndir fyrir landið allt voru skipaðar í maí 2012 og hófu störf í ágúst sama ár. Um er að ræða ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila annars vegar og ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila hins vegar. Hvor nefnd fundaði einu sinni á árinu 2012 og hélt Umhverfisstofnun einn sameiginlegan kynningarfund fyrir þær.

Vatnshlot og gerðir vatnshlota

Eitt víðamesta verkefni ársins 2012 var að skipta yfirborðsvatni, þ.m.t. strandsjó, og grunnvatni í grunneiningar vatnamála, svonefnd vatnshlot. Vinnunni lauk á árinu en eftir er að ganga frá og samræma skiptingu, m.a. með hliðsjón af gerðum vatnshlota. Veðurstofa Íslands og Hafrannsóknastofnun héldu utan um verkefnið og hefur Umhverfisstofnun samþykkt þær skilgreiningar sem unnið verður eftir. Skilgreind hafa verið:

- 1865 straumvatnshlot og 9 gerðir. Gerðirnar byggja á hlutfalli jökuls á vatnasviði, aldri berggrunns (< eða ≥ 0,8 millj. ár), h.y.s. (< eða ≥ 600 m) og þekju vatna og votlendis af vatnasviði.
- 386 stöðuvatnshlot og 9 gerðir. Gerðirnar byggja á magni svifaurs (jökuláhrif), aldri berggrunns (< eða ≥ 0,8 millj. ár), h.y.s. (< eða ≥ 600 m) og meðaldýpi (< eða ≥ 3 m).
- 49 strandsjavarhlot og 4 gerðir. Gerðirnar byggja á öldugangi (skjólásl/opin strönd) og vistsvæði (svalsjór/hlýsjór).
- 309 grunnvatnshlot (grunnvatni er ekki skipt í gerðir).

Stöðuskýrsla fyrir vatnasvæði Íslands

Umhverfisstofnun dró saman upplýsingar sem fengust úr vinnu með vatnasvæðisnefndum, gögnum frá heilbrigðisnefndum, fagstofnunum og sveitarfélögum. Stofnunin vann síðan drög að stöðuskýrslu sem voru lögð fram til almennrar kynningar í sex mánuði, frá og með 7. des. 2012 til 7. júní 2013. Öllum er heimilt að koma athugasemdum á framfæri til Umhverfisstofnunar á kynningartímanum. Drögin voru gerð aðgengileg á heimasíðu Umhverfisstofnunar og á vefsíðunni www.vatn.is.

Hér á landi er ýmis starfsemi og athafnir manna sem geta valdið álagi á vatn og er leitað svara við því hvaða þættir það eru helst. Þannig er hægt að tryggja að við beinum okkar kröftum í framtíðinni að þeim vandamálum sem við stöndum frammi fyrir. Með löngum kynningartíma er leitast við að fá umræðu meðal almennings, sveitarfélaga, hagsmunaaðila og allra þeirra sem vinna með vatn og láta sig vatnvernd varða. Einnig að kalla eftir upplýsingum og ábendingum.

Umhverfisstofnun safnar gögnum, með góðri samvinnu vatnasvæðisnefnda, heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og fagstofnana um hugsanlegt álag á vatn, s.s. losun skólps og fráveitu frá þéttbýli og fyrirtækjum, mæliniðurstöðum og rannsóknum á ýmsum þáttum. Fjallað er um árangur gagnasöfnunar í drögum að stöðuskýrslu. Þar kemur fram að víða er óvissa um álag vegna skorts á gögnum, mælingum eða rannsóknum. Þó enn sé um drög að ræða og vinna við verkefnið á fullri ferð eru í drögum samankomnar afar miklar upplýsingar um stöðu mála er varðar vatnsgæði og álag á vatn og hefur því þegar náðst allnokkur árangur með verkefni.

Vákort af Norður Atlantshafi

Hlýnun hafs og andrúmslofts og minnkandi hafis á norðurhvara eykur aðgengi að náttúruauðlindum sem áður voru óaðgengilegar og jafnframt aukast siglingar um Norðrhöf. Verði stórt mengunaráhapp á hafsvæðinu getur það ógnað lífríki stórs svæðis, hindrað veiðar og stofnað byggð í tvisýnu. Skipulögð viðbrögð, samstarf og samvinna eru grundvallaratriði í því skyni að lágmarka umhverfstjón eins og unnt er.

Ísland, Noregur, Færeyjar og Grænland, með styrk frá Norrænu ráðherranefndinni, unnu saman að verkefni við að útbúa heildstætt vákort af Norður-Atlantshafinu með upplýsingum um þá þætti sem eru í hættu við mengunarslys á hafsvæðinu. Ísland hafði frumkvæði að verkefni á formennskuári í Norðurlandaráði árið 2009 og er verkefnið eitt af flaggskipum formennskuársins. Umhverfisstofnun hélt utan um verkefnið fyrir Íslands hönd. Vákortið var formlega opnað af Svandísi Svavarsdóttur, umhverfis- og auðlindaráðherra, við formlega athöfn þann 29. nóvember 2012.

Um er að ræða vefkort og er aðgangur að því opin fyrir áhugasama á slóðinni www.nasarm.is. Vákortið er mikilvægt tæki til að auðvelda skipuleg viðbrögð við óhöppum en nýtist einnig við forvarnir, skipulag mengunarvarna og almennt sem upplýsingaveita um umhverfismál hafsins á norðurslóðum.

Ísland, Noregur, Færeyjar og Grænland, með styrk frá Norrænu ráðherranefndinni, unnu saman að verkefni við að útbúa heildstætt vákort af Norður-Atlantshafinu

Samgöngur

Rekstur einkabíls hefur aldrei verið eins stór hluti af útgjöldum heimilisins og nú. Þeir sem telja sig ekki geta verið án einkabílsins geta þó dregið úr útgjöldum og farið um leið betur með umhverfið með því að gera samanburð þegar kaup á nýjan bíl því allt að fjórfaldur munur getur verið á eldsneytiseyðslu á nýjum bílum. Þeir sem reka bíl og nota hann lítið ættu jafnframt að hugsa út í það að hægt er að fara í fleiri tugi leigubílaferða á ári og nota strætisvagna þess utan fyrir brot af þeim kostnaði sem það kostar að reka bíl.

Hávaði

Mikilvægt er að gætt sé að hljóðvist húsnæðis strax á hönnunarstigi og því síðan fylgt eftir að rétt sé staðið að málum, því erfitt og kostnaðarsamt er að bæta úr göllum eftir á. Til er hljóðflokunar staðall fyrir húsnæði, sem eðlilegt er að nota við hönnun húsnæðis. Í eldra húsnæði er hægt að bæta hljóðvist m.a. með því að setja hljóðeinangrandi efni í loft og niður á vegg, nota frekar mjúk gólfefni en hörð og að nota millilag þar sem hörð gólfefni eru notuð. Í skólum og leikskólum má, auk þessa, huga að fækkun barna í

kennslustofum, breyttri dagskrá, skipta bekkjum upp í minni hópa, nýta allt húsnæðið, nota mottur þar sem leikið er með hávær og hörð leikföng, setja tappa undir borð- og stólfætur o.s.frv. Þá er mikilvægt að velja vel hönnuð húsgögn, sem ekki valda miklum hávaða.



UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ 2008-2012

DRAGA ÚR MYNDUN ÚRGANGS OG AUKA ENDURVINNSLU HANS



ÚRGANGUR OG ENDURVINNSLA

UMHVERFISSTOFNUN SETTI SÉR ÞAÐ MARKMIÐ AÐ VERA TIL FYRIRMYNDAR Í UMHVERFISMÁLUM OG LIÐUR Í ÞVÍ VAR INNLEIÐING Á UMHVERFISSTJÓRNUNARKERFI (ISO 14001) INNAN STOFNUNARINNAR

Um flokkun úrgangs hjá Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun setti sér það markmið að vera til fyrirmyndað í umhverfismálum og liður í því var innleiðing á umhverfisstjórnunarkerfi (ISO 14001) innan stofnunarinnar. Allt sem lýtur að úrgangi og afdrifum hans er mikilvægur hluti af kerfinu og á undanföllum árum hefur verið unnið markvisst að því meðal starfsfólks stofnunarinnar að draga úr úrgangi og ná árangri í flokkun hans til endurvinnslu.


Í höfuðstöðvum stofnunarinnar að Suðurlandsbraut 24 í Reykjavík, þar sem um 75% starfsmanna Umhverfisstofnunar eru staðsett, er allur úrgangur flokkaður og sendur til endurvinnslu eða förgunar með samningi við úrvinnslufyrirtæki. Óflokkaður úrgangur fer inn í sameiginlega losun fyrir allt húsið, en er vigtaður áður og þannig fylgst með því hvað hann er stór hluti af heildarúrgangi frá stofnuninni. Á sjö minni starfsstöðvum, sem stofnunin rekur víða um land, er úrgangur yfirleitt flokkaður til endurvinnslu, en ekki liggja fyrir sundurliðuð göng frá hverri og einni starfsstöð vegna þess að flokkunin er sameiginleg með öðrum aðilum sem þær deila húsnæði með.

Á Suðurlandsbraut 24 eru fimm flokkunarstöðvar fyrir úrgang þannig að starfsmenn hafa greiðan aðgang að flokkunarílátum. Engar ruslafötur eru á skrifstofum eða göngum og því fara allir með sinn úrgang á flokkunarstöð. Í mótuneyti er ílát fyrir lífrænan úrgang sem fer til jarðgerðar. Skipting úrgangs samkvæmt meðaltali árána 2010-2012 kemur fram á meðfylgjandi mynd og þar sést að mest fellur til af lífrænum úrgangi (40%) en fast á hæla hans fylgir blandaður úrgangur sem fer í endurvinnslu (38%). Í þeim flokki er meðal annars pappír (annar



ÚRGANGUR FRÁ UMHVERFISSTOFNUN

PRÓSENTUHLUTFALL



en gæðapappír), bylgjupappír, timbur, plast og gler. Gæðapappír er um 15% af heildarúrgangi. Af þessu má ráða að 93% af úrganginum sem fellur til hjá stofnuninni fer til endurvinnslu.

Hjá KLIF, systurstofnun okkar í Noregi, eru árlega birtar upplýsingar um flokkun úrgangs sem þar fellur til og forvitnilegt er að bera saman árangur þessara stofnana. Heildarmagn úrgangs hjá KLIF á árinu 2011 var 180 kg/starfsgildi og þar af var óflokkaður úrgangur 22% eða tæp 40 kg/starfsgildi. Hjá Umhverfisstofnun var heildarúrgangur að meðaltali um 108 kg/starfsgildi á ári fyrir árin 2010-2012 og eins og áður er komið fram, reynist óflokkaður úrgangur nema um 6% af heildinni eða aðeins tæplega 7 kg/starfsgildi.

Sérákvæði starfandi sorpbrennslustöðvar falla úr gildi

Sérákvæði um starfandi sorpbrennslustöðvar féllu úr gildi í lok árs 2012, með breytingu á reglugerð um brennslu úrgangs. Reglugerðin hefur í för með sér að allar íslenskar sorpbrennslustöðvar eiga nú að uppfylla sömu kröfur og gerðar eru til sambærilegrar starfsemi á evrópska efnahagssvæðinu.

Með breytingunni er svokölluðum starfandi sorpbrennslustöðvum gert að uppfylla öll ákvæði reglugerðarinnar eigi síðar en 1. janúar 2013. Voru rekstraraðilar slíkra stöðva skyldugir til að tilkynna Umhverfisstofnun eigi síðar en 1. maí 2012 um hvort áframhaldandi rekstur stöðvarinnar væri fyrirhugaður.

Meðal ákvæða reglugerðarinnar er krafa um tvær mælingar á útblæstri díoxíns, á ári. Þá er gerð krafa um samfelldar mælingar á tilgreindum efnum, s.s. kolsýru og ryki. Þurfa starfandi sorpbrennslustöðvar því að hafa búnað til að sinna þessum mælingum.

Breytingarnar eru liður í viðbrögðum stjórnvalda í ljósi þess að mælingar á díoxíni frá sorpbrennslustöðvum á Ísafirði, Vestmannaeyjum og á Kirkjubæjarklaustri gáfu tilefni til að endurskoða reglugerð um brennslu úrgangs. Mikil umræða var um díoxínmengun frá þessum stöðvum og sorpbrennslustöðinni í Svínafelli. Þegar hefur sorpbrennslustöðvum í Svínafelli og á Ísafirði verið lokað að frumkvæði sveitarfélaganna og snertir reglugerðarbreytingin því nú eingöngu stöðvar í Vestmannaeyjum og á Kirkjubæjarklaustri.

Báðar þessar stöðvar hættu starfsemi á árinu 2012 en sveitarstjórn á Kirkjubæjarklaustri hefur sótt um undanþágu frá starfsleyfi fyrir sína starfandi brennslustöð til umhverfis- og auðlindaráðherra.

Mikill árangur hefur náðst á sl. 20 árum hér á landi við að draga úr losun díoxíns með margs konar aðgerðum stjórnvalda og þessi breyting á umræddri reglugerð mun bæta enn frekar þann árangur.

Hauggass á urðunarstöðum

Að beiðni umhverfis- og auðlindaráðuneytis útbjó Umhverfisstofnun viðmið um hvenær krafist er söfnunar hauggass á urðunarstöðum. Felast viðmiðin í mati á því hvort urðaður sé lífrænn úrgangur eða ekki og fyrir þá staði sem urða lífrænan úrgang felast þau í mati á því hvort tæknilega gerlegt sé að safna hauggassinu og brenna það. Við það mat er urðunarstöðum skipt í tvo stærðarflokka og þurfa rekstraraðilar stærri staðanna að reikna út magn þess metans sem myndast á ári. Eiga útreikningarnir að byggja á erlendu líkani, IPCC 2006, sem Umhverfisstofnun hefur staðfært. Leiðbeiningar um notkun líkansins eru því hluti af viðmiðunum. Við gerð viðmiðanna hafði Umhverfisstofnun hliðsjón af sambærilegum viðmiðum sem sett hafa verið í Svíþjóð og í öðrum Evrópulöndum. Stofnunin hafði einnig samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga, auk þess að halda opinn kynningarfund um drög að viðmiðunum.

Að beiðni umhverfis- og auðlindaráðuneytis útbjó Umhverfisstofnun viðmið um hvenær krafist er söfnunar hauggass á urðunarstöðum

Í mótuneyti er ílát fyrir lífrænan úrgang sem fer til jarðgerðar



UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ 2008-2012

STJÓRNSÝSLA STOFNUNARINNAR VERÐI SKÝR OG SKILVIRK



STJÓRNSÝSLA

DREGIÐ HEFUR MIKIÐ ÚR ÞÖRF FYRIR BEITINGU
ÞVINGUNARÚRRÆÐA ÞAR SEM MIKILL MEIRIHLUTI
STARFSLEYFISHAFA SENDIR INN ÁÆTLUN UM ÚRBÆTUR
STRAX Í KJÖLFAR EFTIRLITSSKÝRSLU

Eftirfylgni eftirlits 2012

Árið 2011 var eftirfylgni vegna frávíka frá starfsleyfum stóreflt hjá Umhverfisstofnun með markvissu skipulagi og breyttu vinnulagi. Á því ári komu fram um 200 frávík, eða að meðaltali 1,6 frávík, frá hverju starfsleyfi sem farið var í eftirlit með. Töluvert var um beitingu þvingunarúrræða og hafa fullnægjandi úrbætur vegna langflestra frávíka verið staðfestar. Frávík sem eftir voru hafa verið skráð aftur í eftirliti ársins 2012 og eru flest með samþykktu úrbótaáætlun.

Í eftirliti ársins 2012 hafði frávíkum hins vegar fækkað töluvert og voru þau um 140, eða 1,2 að meðaltali. Í byrjun febrúar 2013 var úrbótum lokið vegna 35% þessara frávíka og búið að samþykkja úrbótafrest vegna 17% í viðbót, en fyrir eftirlitsárið 2011 var sambærilegum árangurstölum ekki náð fyrr en um miðjan maí 2012 svo ljóst er að starfsleyfishafar eru nú að bæta fyrr en áður úr þeim frávíkum sem koma fram. Einnig hefur dregið mikið úr þörf fyrir beitingu þvingunarúrræða þar sem mikill meirihluti starfsleyfishafa sendir inn áætlun um úrbætur strax í kjölfar eftirlitsskýrslu.

Flest frávík komu fram hjá starfsemi í úrgangi og efnamóttöku annars vegar, og hjá verksmiðjum hins vegar, eða ríflega tvö að meðaltali í hverju eftirliti. Þó er um að ræða talsverða fækkun frávíka frá fyrra ári í úrgangi og efnamóttöku, en árið 2011 greindust að meðaltali 3,5 frávík í hverju eftirliti í starfsemi af þessu tagi. Þá hefur einnig orðið umtalsverð fækkun frávíka hjá fiskimjölsverksmiðjum, og eru frávíkin nú 0,9 að meðaltali miðað við 1,7 á hvert eftirlit árið 2011. Einnig hafa fiskimjölsframleiðendur staðið sig vel í að bregðast við frávíkum en úrbótum er nú þegar lokið vegna 60% frávíka hjá þessari tegund af starfsemi og fyrir liggja samþykktar áætlanir um úrbætur vegna þeirra 40% sem eftir eru. Árið 2012 greindust fæst frávík hjá olíubirgðastöðvum.

Verkferlar eftirlits og eftirfylgni

Ferlið er með þeim hætti að eftirlitsmaður fer í eftirlit, ýmist einu sinni eða tvisvar á ári, eftir því í hvaða eftirlitsflokki starfsleyfisskyld starfsemi fellur. Að því loknu skrifar eftirlitsmaður skýrslu sem er




send í tölvupósti til starfsleyfishafa og hefur hann 14 daga frest til að gera athugasemdir við hugsanlegar staðreyndavillur í skýrslunni. Þá er skrifleg skýrsla gefin út. Hafi eftirlitið leitt í ljós að starfsemi uppfyllir ekki þau skilyrði sem sett eru í starfsleyfi er einnig send krafa um úrbætur. Á þessum tímamarki tekur sérfræðingur í eftirfylgni við málinu og sé úrbótum ekki sinnt er þvingunarúrræðum beitt, s.s. áminningu og dagsektum. Ef framangreindar aðgerðir bera ekki árangur eða frávík er ítrekað eða alvarlegt má nýta heimildir til að svipta rekstraraðila starfsleyfi, eða takmarka og stöðva starfsemi. Eftirlitsskýrslur og allar ákvarðanir vegna frávíka eru nú birtar á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Einnig er viðkomandi heilbrigðisnefnd sent afrit af eftirlitsskýrslum og þvingunarbréfum sem send eru starfsleyfishöfum. Þá er tilkynning send til fjölmiðla þegar áminnt er vegna losunar mengandi efna sem kunna að hafa áhrif á menn eða umhverfi.

Meðaltal frávíka á eftirlit		
	2011	2012
Úrgangur og efnamóttaka	3,5	2,2
Fiskimjölsverksmiðjur	1,7	0,9
Fiskeldi og kræklingarækt	0,6	0,9
Olíubirgðastöðvar	0,4	0,5
Verksmiðjur	1,7	2,2
Álver	0,3	1,0
Efnaiðnaður	0,7	1,0
Erfðabreyttar lífverur	0,0	0,0
ALLS	1,6	1,2

Tölvulausnir styðja skilvirkni og samræmingu eftirlits

Umhverfisstofnun hefur tekið í notkun gagnagrunn sem sniðinn er sérstaklega að eftirliti og eftirfylgni þess. Öll þau fyrirtæki sem hafa starfsleyfi hjá stofnuninni eru skráð í gagnagrunninn, svo er grunnurinn nýttur til að halda utan um skráningu frávíka, eftirlitsskýrslur og skylduskil viðkomandi fyrirtækis. Niðurstöður úr eftirliti eru skráðar beint inn í grunninn og eftirlitsskýrslan unnin þar. Drög að eftirlitsskýrslu eru send á sjálfvirkan hátt úr grunninum til starfsleyfishafa og þegar athugasemdir hafa borist og skýrslan er fullunnin er henni læst og hún send ásamt bréfi til starfsleyfishafa og viðkomandi heilbrigðisnefndar.

Gagnagrunnurinn hefur reynst afar vel á sínu fyrsta ári í notkun. Starfsmenn Umhverfisstofnunar hafa nú betri yfirsýn yfir stöðu einstakra fyrirtækja og framgang eftirlitsins í heild. Þá veitir grunnurinn greiðan aðgang að tölvfræði um frávík og úrbætur, og auðveldar samanburð á árangri milli ára. Heilbrigðisnefndir hafa sýnt áhuga á að nýta



gagnagrunninn til að halda utan um sitt eftirlit og er Umhverfisstofnun nú í samvinnu við tvö heilbrigðiseftirlitssvæði um notkun á grunninum. Hugmyndin er að hefja notkun gagnagrunnsins fyrst á þessum tveimur svæðum með það í huga að sniða af helstu vankanta áður en fleiri svæðum er

Snyrtivörur

Snyrtivörur eru ómissandi hluti af daglegu lífi okkar og flest okkar notum margar og mismunandi tegundir á dag. En hér þarf að vanda valið því ýmsar snyrtivörur innihalda efni sem geta haft skaðleg áhrif á heilsu og umhverfi. Þetta eru t.d. rotvarnarefni, ilmefni, litarefni eða önnur efni sem geta valdið ofnæmi.

Efnin finnast í vörum eins og t.d. tannkremi, sjampói, handsápu og kremum en líka í andlitsfarða, þvotta- og snyrtivörum fyrir börn og tattúvörum. Helstu ofnæmisvaldarnir eru rotvarnar- og ilmefni og ættu þeir sem eru viðkvæmir að forðast þau. Framleiðendur snyrtivara eru skyldugir að gefa upp innihaldsefni á umbúðum.

Í eftirliti ársins 2012 hafði frávíkum hins vegar fækkað töluvert og voru þau um 140, eða 1,2 að meðaltali

LAGT ER TIL AÐ LÖG UM EITUREFNI OG HÆTTULEG EFNI OG LÖG UM EFNI OG EFNABLÖNDUR VERÐI SAMEINUÐ SEM ER AFAR MIKILVÆGT OG TÍMABÆRT



boðið að taka þátt. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja og Norðurlands-eystra eru þau svæði sem hafa aðgang að gagnagrunninum í dag.

Tímamót í endurskoðun löggjafar

Umhverfis- og auðlindaráðherra lagði í upphafi 141. löggjafarþings fram frumvarp til efnalaga í kjölfar heildarendurskoðunar á íslensku efnalöggjöf. Meðal annars þótti nauðsynlegt að skoða frá grunni núverandi eftirlits- og leyfisveitingakerfi. Lagt er til að lög um eiturefni og hættuleg efni og lög um efni og efnablöndur verði sameinuð sem er afar mikilvægt og tímabært. Einnig felur frumvarpið í sér samræmingu íslenskrar löggjafar við evrópska efnalöggjöf. Með frumvarpinu er stefnt að því að færa eftirlit framfarir í aðfangakeðjuna og tryggja öryggi efnavara á markaði.

Í lok nóvember lagði ráðherra svo fram á Alþingi frumvarp til laga um náttúruvernd eftir heildarendurskoðun gildandi laga um náttúruvernd. Með frumvarpinu er leitast við að styrkja stjórnæki í náttúruvernd að fenginni reynslu og

samræma ákvæði laganna nánar alþjóðlegum skuldbindingum í náttúruvernd. Ennfremur er lagt til að ákvæði um eftirfylgni verði styrkt verulega.

Veruleg vinna liggur að baki heildarendurskoðun framangreindra lagabálka. Umhverfisstofnun hefur tekið töluverðan þátt í því starfi og í tillögum sínum lagt áherslu á skilvirkni og skýrleika enda mikilvægt að stuðla að markvissri framkvæmd um leið og mörkuð er stefna til framtíðar.

Lög um umhverfisábyrgð

Ný heildarlög um umhverfisábyrgð tóku gildi 22. júní 2012 og fer Umhverfisstofnun með stjórnáslu og eftirlit með framkvæmd laganna. Með lögum er innleidd tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins um umhverfisábyrgð.

Með lögum um umhverfisábyrgð er greiðsluregla umhverfisréttar, eða mengunarbótareglan (Polluter Pays Principle), innleidd í íslenskan rétt. Um er að ræða eina af meginreglum umhverfisréttar og

merkir hún að sá sem veldur mengun skal bæta það umhverfistjón og bera þann kostnað sem af henni hlýst. Markmið laganna er að tryggja, að sá sem ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi, komi í veg fyrir tjón eða bæti úr tjóni ef það hefur orðið og beri kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

Það umhverfistjón sem lögin gilda um varðar tjón á vernduðum tegundum og náttúruverndarsvæðum, tjón á vatni og tjón á landi.

Lögin ná til rekstraraðila leyfisskyldrar atvinnustarfsemi sem nánar er skilgreind í II. viðauka laganna vegna umhverfistjóns og yfirvofandi hættu á umhverfistjóni af völdum slíkrar starfsemi. Þeim rekstraraðila sem ber ábyrgð á tjóni er skylt að greiða allan kostnað vegna úrbóta. Einnig ber honum að greiða allan kostnað vegna rannsókna og annarra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til að koma í veg fyrir eða afstýra yfirvofandi hættu á umhverfistjóni.

Þeim rekstraraðilum sem lögin taka til er skylt að tilkynna Umhverfisstofnun þegar í stað um

umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni og grípa til nauðsynlegra varnaðarráðstafana. Bráðamengun á landi skal einnig tilkynna til lögreglu og bráðamengun á sjó til Landhelgisgæslunnar.

Til að undirbúa verkefni Umhverfisstofnunar í tengslum við lögin fóru tveir sérfræðingar til Englands í nóvember til að kynna sér hvernig staðið var að innleiðingu tilskipunar þar. Heimsóttar voru fjórar stofnanir víðs vegar um landið sem gegna stjórnásluhlutverki í tengslum við umhverfisábyrgð. Einnig var sérfræðingur úr umhverfis- og auðlindaráðuneytinu fenginn í nóvember til að halda kynningu á lögum fyrir starfsmenn stofnunarinnar.

Útbúin hefur verið vefsíða á umhverfisstofnun.is þar sem grunnupplýsingar um löggjöfina er að finna og einnig er í undirbúningi kynningarfundur fyrir hagsmunaaðila.

Þeim rekstraraðila sem ber ábyrgð á tjóni er skylt að greiða allan kostnað vegna úrbóta

Ný heildarlög um umhverfisábyrgð tóku gildi 22. júní 2012

Loftslagsbreytingar

Loftslag á jörðinni fer hlýnandi. Yfirgnæfandi líkur eru taldar á að losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum eigi þar stóran hlut að máli. Örar loftslagsbreytingar geta haft mikil áhrif á land, vatnafar og lífríki. Breytingarnar geta leitt til ójafnvægis umhverfispáttá, vatnsskorts á sumum stöðum en flóðum á öðrum, bráðnunar jökla og sífrera, aukinna öfga í veðurfari, tilfærslu lífríkis í sjó, breytinga á sýrustigi hafisins og ýmissa annarra þátta sem leiða til hörmunga á mörgum heimssvæðum og mikils fjárhagstjóns. Hlýnun andrúmsloftsins

er sameiginlegt áhyggjuefni allra íbúa heimsins. Ísland fullgilti Rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar árið 1993 og 9 árum síðar fullgilti Ísland Kyoto-bókunina sem gerð var við rammasamninginn árið 1997. Samkvæmt þessu hefur Ísland skuldbundið sig til að vinna með öðrum þjóðum að því að ná tölulegum markmiðum alþjóðasamninga á þessu sviði. Umhverfisstofnun gegnir lykilhlutverki í þessu og heldur m.a. utan um losunarbókhald Íslands og skýrslugjöf til skrifstofu rammasamningsins.

Svanurinn

Neytendur geta stuðlað að sjálfbærri þróun og minnkað umhverfisálag í daglegu lífi á ýmsan hátt, t.d með því að kaupa umhverfisvænar vörur, spara orku og auka nýtni (kaupa endingargóðar vörur, endurnota og skila til endurvinnslu). Sömuleiðis geta framleiðendur lagt mikið af mörkum með því að bjóða gæðavöru sem hefur sem minnst neikvæð áhrif á umhverfið.

Umhverfismerkingar eru einfalt tæki til að tengja þetta tvennt saman, þ.e. annars vegar ábyrga

og meðvitaða framleiðslu og markaðssetningu umhverfisvænnar vöru og þjónustu, og hins vegar ábyrgar og meðvitaðar ákvarðanir um kaup á vöru og þjónustu. Íslensk stjórnvöld vinna með stjórnvöldum hinna Norðurlandanna að vexti og viðgangi norræna umhverfismerkisins Svansins. Þess vegna gefur fjöldi íslenskra Svansleyfa góða vísbendingu um þróun þessara mála hérlandis. Á árinu 2008 setti Umhverfisstofnun sér það markmið að fjórfalda fjölda leyfishafa, en þeir voru þá fjórir. Í lok árs 2012 voru þeir 23.



UMHVERFISSTOFNUN

MARKMIÐ 2008-2012

UMHVERFISMERKINGAR LEIÐI INNKAUP ALMENNINGS OG FYRIRTÆKJA



UMHVERFISMERKINGAR

MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÁVALLT MIÐ AF
UMHVERFISJÓNARMÍÐUM VIÐ INNKAUP MÁ KOMA AF
STAÐ SKRIÐU BREYTINGA Á FRAMBOÐI Á MARKAÐI



Vistvæn innkaup

Innkaup snúast um að leysa vanda, tryggja aðgang að aðföngum og ná ávinningi

Innkaup eru í eðli sínu margþætt og er mikilvægi skýrrar stjórnunar í innkaupamálum oft vanmetin. Innkaup snúast um að leysa vanda, tryggja aðgang að aðföngum og ná ávinningi. Þar með er ekki öll sagan sögð og margt liggur að baki þessum einföldu markmiðum. Hvaða ávinningi er verið að sækjast eftir? Er hægt að hafa áhrif á árangur fyrirtækis með skýrum innkaupafærlum og stýrðum innkaupum?

Megininntak í innkaupastefnu ríkisins er það sem kallað hefur verið bestu kaup. Það þýðir að ætíð skal vinna að því að gerð verði bestu mögulegu innkaup að teknu tilliti til hvors tveggja, heildarkostnaðar og ávinnings. Gæði, viðeigandi afhendingartími og endingartími vöru eru dæmi um ávinning innkaupaáðilans. Við mat á ávinningi við bestu kaup skal ekki síst tekið tillit til umhverfissjónarmiða, þannig að ef valið stendur á milli vöru eða þjónustu sem eru sambærileg að öðru leyti, ber að velja þann kost sem telst síður skaðlegur umhverfinu.

Með því að taka ávallt mið af umhverfissjónarmiðum við innkaup má koma af stað skriðu breytinga á framboði á markaði. Þetta á ekki síst við þegar innkaupaáðilarnir sem um ræðir eru stofnanir og ráðuneyti ríkisins sem velta háum upphæðum á ári hverju og eru áhrifamiklir eftir því. Vistvæn innkaup hafa hins vegar verið stunduð af mismiklu leyti á meðal ríkisstofnana hingað til. Því hafa fjármála- og umhverfissjónarmið farið þá leið við innleiðingu á vistvænum innkaupum að veita góðan stuðning og skýrar leiðbeiningar í þeim tilgangi að gera stofnanir sjálfbjarga um að aðlagja verklag vistvænna innkaupa hvað best að eigin starfsemi. Innkaupafólki ríkisstofnana hefur verið boðið á kynningarfund um

vistvæn innkaup og í kjölfarið á vinnustofur sem veita þeim nauðsynlegan stuðning. Með þessum hætti fá stofnanir leiðsögn um leið og þeim eru kynntar helstu verkfæri sem stofnunum standa til boða, s.s. innkaupagreining, rammameningar og grænt bókhald.

Innkaup snúast að nær öllu leyti um val. Valið snýr að mörgu, s.s. vöru, birgjum og þjónustuaðilum eða umfangi útgjalda. Það er því markmið vinnustofnanna að starfsfólk stofnana átti sig á mikilvægi þess að velja og afleiðingum vals. Áhersla er lögð á létt og skemmtilegt yfirbragð á vinnustofnunum því óheft samskipti eru undirstaða fullrar þátttöku og lærdómsgildis vinnustofnana.

Stór hluti ríkisstofnana hefur nú þegar sótt kynningarfundir og vinnustofur en með virkri þátttöku allra stofnana munum við stuðla að auknum sparnaði í hagkerfi jafnt sem vistkerfi.

Norrænt samstarf Svansins

Svanurinn er opinbert norrænt umhverfismerki og hefur allt frá upphafi starfað í anda norrænar samvinnu. Svanurinn hefur þó ekki myndað eiginleg samtök eða fyrirtæki heldur hefur Svanurinn verið starfræktur sem sjálfstæð eining í hverju landi fyrir sig. Þessar sjálfstæðu einingar hafa alla tíð starfað eftir sömu reglum, stuðst við samræmt verklag og unnið að sömu markmiðum.

Undanfarin ár hefur Svanurinn lagt mikla áherslu á að styrkja norrænt samstarf í sinni starfsemi. Stefnuskjöl og regluverk hafa verið endurskoðuð með það fyrir sjónum að tryggja samræmi í verklagi í öllum löndunum fimm. Einnig hefur verið reynt að auka samstarf og samkennd starfsmanna og með aukinni tíðni fjarfunda hafa fleiri starfsmenn möguleika á aðkomu að norrænu samstarfi.

Um leið og hafist var handa við að efla samstarf innan Svansins var ákveðið að leggja mikla áherslu á að koma á fót sameiginlegum tölvukerfum til að halda utan um umsóknir, samskipti við leyfishafa og almenna umsýslu. Aukin samvinna á þessum vettvangi mun tryggja styttri boðleiðir, auðveldari samskipti og aukin gæði í þjónustu. Til þess að raunveruleg samvinna geti átt sér stað um kerfisláusnir mun Svanurinn stofna með sér lögbæra einingu í fyrsta sinn og verður sú eining í félagaformi.

Innan Svansins hefur einnig átt sér stað endurskipulagning og ný norræn hlutverk hafa litið dagsins ljós. Í dag eru þrjú stöðugildi innan Svansins alfarið skilgreind sem norræn. Tvö þessar stöðugilda eru ný af nálinni og hlutverk þeirra eru annars vegar að bera ábyrgð á þróun kerfisláusna og hins vegar að tryggja gæði og skilvirkni í viðmiðapróun Svansins.

Með þessum áherslubreytingum mun Svanurinn verða betur í stakk búinn til þess að þróa áfram fagleg og vönduð viðmið fyrir metnaðarfull fyrirtæki og leiðbeina neytendum í átt að sjálfbærri neyslu.

Hvað þýða merkin?

Það getur verið erfitt að rata í umhverfismerkjafrumskóginum enda umhverfismerki mörg og standa fyrir ólíka þætti. Á umhverfisstofnun.is er nú að finna ítarlegar upplýsingar um hvað þau umhverfismerki sem algengast er að rekast á í verslunum á Íslandi standa fyrir.

Umhverfismerki eru ýmist altæk eða sértæk. Sértæku merkin vekja athygli neytenda á afmörkuðum eiginleika vörunnar. Þessir eiginleikar geta verið til dæmis orkunotkun eða hráefnisnotkun. Altæku merkin taka tillit til umhverfisáhrifa á öllum lífsferli vörunnar.

Altæk umhverfismerki

Altæk umhverfismerki eru ekki svo mörg og því ætti hver og einn að geta lagt nokkur þeirra á minnið. Hér á landi eru Svanurinn og Evrópublómið algengust. Blómið og Svanurinn eru opinber merki Íslands en Umhverfisstofnun fer með umsýslu þeirra.

Neytendur geta treyst því að þegar þeir kaupa vöru eða þjónustu sem merkt er Svaninum, Evrópublóminu eða öðrum sambærilegum merkjum þá séu þeir að velja það besta fyrir umhverfi og heilsu. Þessi merki tákna þó ekki að varan sé lífræn.

Innan Svansins hefur einnig átt sér stað endurskipulagning og ný norræn hlutverk hafa litið dagsins ljós

MERKI UM LÍFRÆNA RÆKTUN ERU TIL MARKS UM AÐ VIÐ FRAMLEIÐSLU HRÁEFNA Í TILTEKNA VÖRU HAFI ALÞJÓÐLEGUM STÖÐLUM UM LÍFRÆNA RÆKTUN VERIÐ FYLGT



Áreiðanleg merki eiga það sameiginlegt að:

- Þau eru valfrjáls leið til að markaðssetja umhverfiságæti vöru eða þjónustu
- Úttekt er sinnt af óháðum, þriðja aðila
- Viðmið eru þróuð af sérfræðingum
- Viðmið notast við lífsferilsnálgun, þ.e. gera kröfur til hráefnis, framleiðslu, notkunar og förgunar
- Viðmið eru hert á nokkurra ára fresti sem tryggir sífelldar betrubætur á vöru/ þjónustu

Sértæk merki

Energy star merkið er sem dæmi til marks um að vara er sérlega sparneytin á rafmagn en merkið gerir enga kröfu um hráefna, notkun kemískra efna eða um orkusparnað í framleiðslu.

Merki um lífræna ræktun eru til marks um að við framleiðslu hráefna í tiltekna vöru hafi alþjóðlegum stöðlum um lífræna ræktun verið fylgt. Ef merki um lífræna ræktun er á t.d. brauðtegund þá segir það sem sagt ekki til um það hvernig brauðið var bakað eða í hvernig umbúðum það er heldur er þá eingöngu verið að vísa til þess að ákveðin skilyrði voru uppfyllt þegar hráefnin í brauðið voru ræktuð.

Sum merki segja til um hvort framleiðsla á tilteknu hráefni teljist sjálfbær. Slík merki má finna á t.d. ýmsum afurðum úr timbri, svo sem garðhúsgögnum, prentpappír eða timburkolum og á frosnum fiskurðum.

Svansleyfi á árinu

Árið 2012 fengu sex fyrirtæki Svansvottun og voru svansmerkt fyrirtæki í lok ársins alls 23. Á Íslandi hefur Svanurinn notið mestra vinsælda annars vegar meðal prentsmiðja og hins vegar hjá fyrirtækjum í ræstingum. Prentsmiðjan Umslag fékk vottun Svansins í marsmánuði, um haustið fengu prentsmiðjur Prentmet á Suður- og Vesturlandi vottun og eru nú allar prentsmiðjur Prentmets svansvottaðar.

Í byrjun ársins bættist Fjarðarþrif í hóp svansmerktra fyrirtækja í ræstingum og er sjötta ræstingar fyrirtækið sem fengið hefur vottun.

Svansvottun er þessum fyrirtækjum í prentiðnaði og ræstingum eftirsóknarverð og afar ánægjulegt er jafnframt að sjá Svaninn sækja í sig veðrið á landsbyggðinni. Aukið úrval og dreifing svansvottaðra fyrirtækja veitir fleiri aðilum aðgang að umhverfsvottaðri þjónustu í heimabyggð, bætir umhverfið og getur verið öðrum fyrirtækjum fyrirmynd. Þessi árangur fyrirtækja úti á landi sýnir jafnframt að umhverfsvottun nýtist ekki síður smærri fyrirtækjum.

Á árinu bættust einnig stærri fyrirtæki í hópinn. Grand Hótel hefur nú fengið Svaninn. Grand Hótel er fimmti leyfishafinn í flokki hótela og farfuglaheimila og stærsta hótelið á Íslandi. Mikil vakning hefur átt sér stað meðal starfsmanna í aðdraganda vottunarinnar og augljóst er að menn hafa lagt sig alla fram við að ná vel utan um umhverfisstarfið.

Að lokum ber að nefna veitingastaðinn Nauthól sem hefur frá upphafi lagt mikla áherslu á tengingu við náttúruna, hollustu og umhverfismál. Með svansvottun tekur Nauthóll skrefið til fulls og því gefst nú landsmönnum tækifæri til þess að njóta matar á umhverfsvottuðum veitingastað.

Á næstu árum eigum við von á áframhaldandi fjölgun leyfishafa og brátt munum við væntanlega sjá nýja vöru- og þjónustuflokka.

Innkaupanetið

Svanurinn á Íslandi hefur lengi haft áhuga á að leiðbeina fyrirtækjum um vistvæn innkaup og hefur staðið til að stofna á Íslandi félagsskap fyrirtækja sem byggir á sömu hugmyndum og Svans Innkjöperklubb í Noregi og Nätverket hjá Svaninum í Svíþjóð. Þessi verkefni hafa veitt fyrirtækjum leiðbeiningar um vistvæn innkaup og skilað þeim árangri í umhverfisstarfi en ekki síður skapað eftirspurn eftir umhverfsvænum vörum og þjónustu.

Áhugi fyrirtækja á umhverfismálum hefur aukist mjög undanfarin ár sem endurspeglast m.a. í auknum áhuga á svansvottun. Stjórnendur og starfsmenn fyrirtækja upplifa umhverfismál oft sem flókinn málaflök og þurfa á einföldum leiðbeiningum að halda til að geta nýtt sér umhverfistarf sitt til markaðssetningar.

Svansmerkið er gott dæmi um slíkt tæki en mörg fyrirtæki hafa með merkinu fengið tækifæri til að sýna

með sterku merki að þau standa sig vel í málaflökki sem jafnframt er viðskiptavinum hulinn.

Svanurinn hefur í gegnum tíðina lagt áherslu á að þróa viðmið sem tengjast vöru- og þjónustuflokkum sem hafa umtalsverð umhverfisáhrif, s.s. prentiðnaði eða framleiðslu hreinsiefna. Lítt mengandi fyrirtæki geta því oft ekki fengið svansvottun.

Umhverfisáhrif af rekstri fyrirtækja sem geta ekki fengið svansmerkið eru því yfirleitt minni en í þeim greinum sem svansvottun er möguleg. Slík fyrirtæki geta þó haft mikil óbein áhrif á umhverfið í gegnum innkaup og gert gríðarlegt gagn með því að beina sjónum að umhverfsvænum kostum þegar kemur að innkaupum.

Innkaupanetið gengur út á að nýta mátt fyrirtækja sem innkaupaaðila til þess að bæta umhverfið. Stefnt er að stofnun Innkaupanetsins á Íslandi árið 2014.

Áhugi fyrirtækja á umhverfismálum hefur aukist mjög undanfarin ár sem endurspeglast m.a. í auknum áhuga á svansvottun

Haförninn

Íslenskum stjórnvöldum ber skylda til að viðhalda fjölbreytninni í dýra- og plöntulífi lands og sjávar samkvæmt Samningnum um líffræðilega fjölbreytni og fleiri alþjóðasáttmálum sem Ísland er aðili að. Liður í þessu er að grípa til sérstakra aðgerða vegna tegunda í útrýmingarhættu.

Haförninn er ein þessara tegunda. Hann var tiltölulega algengur fram eftir 19. öld en fækkaði síðan mjög,

enda markvisst unnið að útrýmingu hans. Í byrjun 20. aldar var ljóst að í óefni stefndi. Árið 1914 var örninn friðaður með lögum, en áhrifa friðunarinnar tók ekki að gæta fyrr en eftir 1964 þegar bannað var að eitra fyrir ref. Þá urpu aðeins um 20 arnarpör í landinu, en eru nú komin vel yfir 60. Vernd arnaris er dæmi um árangursríka aðgerð í náttúruvernd.

Svansvottun er þessum fyrirtækjum í prentiðnaði og ræstingum eftirsóknarverð og afar ánægjulegt er jafnframt að sjá Svaninn sækja í sig veðrið á landsbyggðinni

FJÁRMÁL OG REKSTUR



Heildarvelta Umhverfisstofnunar er samkvæmt uppgjöri fyrir árið 2012 um 1.115 milljónir króna. Sértekjur stofnunarinnar eru um 117 milljónir króna, markaðar tekjur eru um 151 milljónir króna og aðrar rekstrartekjur eru um 33 milljónir króna.

Gjöld stofnunarinnar skiptast þannig að laun og launatengd gjöld eru langstærsti kostnaðarliðurinn eða um 49,8%. Þar á eftir koma aðkeypt þjónusta, um 14,1%, húsnæðiskostnaður, um 13,8%, og tilfærslur sem var um 12,1%. Tilfærslur eru að langmestu leyti greiðslur til landeigenda vegna arðs af hreindýraveiðum, styrkir úr veiðikortasjóði og endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna refa- og minkaveiða.

Gjöldin hækka nokkuð milli ára og skýrist það að mestu leyti af verðlagbreytingum og samningsbundnum launahækkunum. Ennfremur jukust greiðslur til landeigenda vegna hreindýraveiða þar sem fleiri veiðileyfi voru seld. Tekjur lækka nokkuð milli ára, þó svo að í rekstraráætlun hafi verið gert ráð fyrir hækkun og skýrir það að mestu þann halla sem fram kom á árinu.

Geta ber þess að uppgjorið sýnir ekki raunsanna mynd af stöðu stofnunarinnar að því leyti að höfuðstóll sem fluttur er milli ára inniheldur ýmis verkefni sem frestað hefur verið þó svo fjárveitingar til þeirra séu að nokkru komnar fram. Má þar m.a. nefna 11 milljónir króna vegna undirbúnings byggingar gestastofu í Snæfellsjökulsþjóðgarði, 20 milljónir króna vegna undirbúnings opunar Hornstrandastofu og 16 milljónir króna vegna undirbúnings opunar Látrastofu.

Á meðfylgjandi skífuriti má sjá skiptingu gjalda ársins 2012 á rekstrarliði Umhverfisstofnunar.



REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 2012

TEKJUR: (þús.kr.)	2012	2011
Sértekjur	116.806	157.735
Markaðar tekjur	150.763	137.778
Aðrar rekstrartekjur	33.166	21.782
Tekjur samtals	300.735	317.295

GJÖLD:	2012	2011
Laun og launatengd gjöld	554.668	522.281
Ferða- og fundakostnaður	61.226	69.939
Rekstrarvörur	31.035	33.675
Aðkeypt þjónusta	157.342	169.446
Húsnæðiskostnaður	153.441	154.157
Bifreiðakostnaður	7.775	9.892
Tilfærslur	135.441	94.832
Rekstrargjöld samtals:	1.100.928	1.054.222

Eignakaup	11.577	23.793
Gjöld samtals	1.112.505	1.078.015
Fjármagnsgjöld	2.728	1.791
Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir fjárheimild	-814.498	-762.511
Framlag ríkissjóðs	765.200	728.600
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins	-49.298	-33.911

Höfuðstóll í árslok	2012	2011
Fjárheimild flutt frá fyrra ári	67.132	101.043
Fjárheimild flutt yfir á næsta ár	17.834	67.132

*Tölur fyrir árið 2012 eru skv. bráðabirgðauppgjöri.

Úrgangur

Heildarmagn úrgangs gefur vissulega mikilvæga vísbendingu um hvert stefnir í neysluvenjum landsmanna, en segir þó engan veginn alla söguna. Miklu máli skiptir að hve miklu leyti úrgangur er endurnýttur og hvernig hann er meðhöndlaður.

Enn er talsverður hluti úrgangs á Íslandi urðaður, en hlutfall endurnýtingar hefur þó aukist verulega. Förgun úrgangs með urðun eða brennslu án orkunýtingar er neyðarúrræði í umhverfislegu tilliti, enda felur förgunin í sér ákveðna uppgjöf við að nýta hráefnin og orkuna sem fólgin eru í úrganginum.



UMHVERFISSTOFNUN

AKUREYRI

Borgum við Norðurslóð
600 Akureyri
sími 591 2000

EGILSSTAÐIR

Tjarnarbraut 39
700 Egilsstöðum
sími 591 2115

ÍSAFJÖRÐUR

Mánagötu 2
400 Ísafirði
sími 591 2000

MÝVATN

Hraunvegi 8
660 Mývatni
sími 591 2000

REYKJAVÍK

Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
sími 591 2000

SNÆFELLSNES

Klettsbúð 7
360 Hellissandi
sími 436 6860

PATREKSFJÖRÐUR

Aðalstræti 67
450 Patreksfirði
sími 591 2000

VESTMANNAEYJAR

Strandavegi 50
900 Vestmannaeyjum
sími 591 2000